



MARKAÐURINN



Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Miðvikudagur 26. mars 2008 – 13. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Velta klámsins
Sjöfaldar
þjóðartekjur
Íslands



6

Krónan
Ávinningur af
myntbandalagi



8-9

Lífsstíll
Póker
sækir á



12



VERSLAÐ MEÐ HLUTABRÉF Skipti gera stuttan stans í Kauphöllinni en þurfa að greiða um 300 milljónir króna fyrir skráninguna.

Útboðið kostaði 300 milljónir

Hlutafjárútbóð Skipta, fyrir skráningu í Kauphöllina, kostaði um þrjú hundruð milljónir króna. Þetta kemur fram í skráningarlýsingu fyrirtækisins. Skipti bera þennan kostnað. Í honum eru meðal annars fólgin gjöld til Kauphallarinnar, lögfræðikostnaður og greiðsla til Kaupþings auk vinnu við skráningarlýsingu. Lítill áhugi var á hlutum í Skiptum í útboðinu. Innan við 200 aðilar óskuðu eftir því að eignast hlut í félaginu.

Skipti eru skráð í Kauphöllina en Exista, stærsti hluthafinn, hefur gert fjartökutilboð til annarra hluthafa, og hyggst taka félagið af markaði.

- ikh

TrackWell

Tíma- og verkskráníng
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

FRÉTTIR VIKUNNAR

Erfiðir dagar | Síðustu dagarnir fyrir páska voru erfiðir fyrir FL Group og Exista. Frá mánudegi til miðvikudags lækkaði gengi FL Group um 21 prósent og Exista um 17 prósent.

Ísland í sviðsljósinu | Erlendir fjölmiðlar héldu áfram að fjalla um íslenskt viðskiptalíf. Breska dagblaðið Telegraph líkti Íslandi við eittraðan vogunarsjóð og sagði ríkisstjórnina berjast í bökkum við að koma í veg fyrir hrun efnahagslífsins. Hið bandaríska Wall Street Journal var öllu jákvæðara.



Ingimar Karl Helgason
skrifar

Lánshæfi metið | Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard og Poor's tilkynnti að það hefði tekið lánshæfismat Glitnis til skoðunar með möguleika á lækku.

Niður og upp | Gengi íslensku krónunnar hélt áfram að falla, og náði gengisvísitalan hámarki um klukkan þrjú á miðvikudag. Þá hafði krónan veikt um tæplega sex prósent. Undir lok dags varð hins vegar snarpur viðsnúningur og endaði krónan rúmu prósentu veikari en daginn áður.

Laun hækkuðu | Laun á almennum vinnumarkaði hækkðu um 0,8 prósent frá fyrri mánuði samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Há verðbólga | Greiningardeild Kaupþings segir í endurskoðaðri verðbólguþá horfur hafa hríðversnað í ljósi þróunar síðustu vikna og muni verðbólga haldast há árið á enda.

Vextir aldrei hærri

Bindiskyldu bankanna var breytt vegna vandræða þeirra. Tilkynnt var um vaxtahækkun í gær. Hærri vextir og minni bindiskylda bankanna gætu unnið hvort gegn öðru.

„Þetta stóð ekki til fyrir helgi,“ segir Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri um 1,25 prósentustiga hækkun stýrivaxta bankans í gær. Þeir eru nú 15 prósent og hafa aldrei verið hærri. Næsti vaxtaákvörðunardagur er 10. apríl. Eiríkur segir að menn séu sífellt að hugsa og ræða stöðu mála.

Seðlabankinn hefur einnig ákveðið að draga úr bindiskyldu bankanna, þannig að skuldbindingar banka erlendis myndi ekki grunnbindingar.

Eiríkur Guðnason segir að þetta hafi verið gert í samræmi við reglur evrópska seðlabankans. Tímasetningin sé hins vegar ekki tilviljun. „Auðvitað erum við að liðka fyrir. Þetta þykir geta hjálpað til að færa fé á millibankamarkaði,“ segir Eiríkur.

En er ekki hætt á að minnkun bindiskyldu og hækkun vaxta geti unnið hvort gegn öðru?

„Jú, jú, þetta er ágætis ábending,“ segir Eiríkur. „Við þóttumst vita að við yrðum að breyta bindiskyldunni þegar við heyrðum af vandræðum.“

Greining Glitnis segir að þótt aðgerðir bankans séu jákvæðar í heild þurfi hann að huga að áhrifum þeirra á peningamagn í umferð og þar með verðbólguþrýsting.

„Við erum líka að gefa út bréf, og þá tókum við fé af markaðnum á móti,“ segir Eiríkur. Fram kemur á vef Seðlabankans að talið sé að mikil eftirspurn sé eftir stuttum, tryggum verðbréfum. Bréf fyrir allt að 50 milljarða króna verða gefin út.

Seðlabankinn hefur líka ákveðið að til tryggingar í viðskiptum við bankann sé nægilegt að sértryggð skuldabréf hafi tiltekið lánshæfismat, en fallið er frá því að útgefandinn þurfi slíkt mat.

Þá ætlar ríkissjóður í vikunni að gefa út ríkisbréf að upphæð tíu milljarða króna að nafnverði, með gjalddaga eftir níu mánuði.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði í hádegisfréttum Útvarpsins í gær að vísbendingar væru um að visvítandi hefði verið reynt að fella gengi krónunnar, sem hefur fallið undanfarinn hálfan mánuð. Eiríkur segist ekkert geta sagt um það.

„Stýrivextirnir hafa ekki verið hærri í áratugi,“ segir Arnór Sighvatsson, aðalhafnir Seðlabankans. Eins og þeir séu reiknaðir nú hafi þeir aldrei verið hærri.

Seðlabankinn gat ekki annað Vaxtahækkun viðbrögð við verðbólgu- horfum, segja greiningadeildirnar.

„Þetta var það eina sem Seðlabankinn gat gert í stöðunni,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis, um stýrivaxtahækkun gærdagsins. „Verðbólguhorfur hafa versnað allverulega og bankinn er einfaldlega að bregðast við því.“ Hann segir tímamann munu skera úr um það hvort Seðlabankinn hafi hækkað vextina nægilega mikið til að slá á verðbólgu, og skýtur ekki loku fyrir að þeir hækki aftur síðar á árinu.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður Greiningardeildar Kaupþings, tekur í svipaðan streng og segir vaxtahækkun það eina sem Seðlabankinn hafi getað gert. „Hann lýsti því yfir í nóvember að vextirnir myndu hækka ef krónan félli. Nú sér hann fram á mikla verðbólgu og lækkandi raunstýrivexti.“

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbankans, segist fagna því að Seðlabankinn hafi gripið til aðgerða. Stýrivaxtastig Seðlabankans hafi verið hætt að ráða markaðsvöxtum, og með hliðaraðgerðum samhliða stýrivaxtahækkun sé verið að lagfæra markaðinn. „Þetta er seint en mjög mikilvægt skref, nú er Seðlabankinn að standa við stóru orðin frá því í nóvember.“

„Það verður að koma í ljós hvaða áhrif þessi vaxtahækkun hefur,“ segir Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda. „Það er vitað að það var undirliggjandi verðbólga sem slapp úr skápnum fyrir helgi, og maður veltir því fyrir sér hvort stýrivaxtahækkunin eigi eftir að hafa áhrif á hana.“ Varðandi sveiflur á gengi krónunnar segir hann hverjum manni hollt og gott að krónan styrkist aðeins, en aðalmarkmiðið sé að ná stöðugleika. Enginn hafi gott af hoppum til og frá.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, segir óstöðugleika eins og við höfum séð engum til góds. „Það er öllum ljóst að staðan hefur verið mjög erfið, menn hafa farið yfir strikið á öllum mörkuðum,“ segir hann. „Það er einhverinn veginn þannig að það er alltaf stöðugt fylleri eða timburmenn, en aldrei eðlileg gangur í viðskiptalífina. Í svona óróleika fara flestir illa.“

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK	15,1%*
GBP	5,6%*
USD	3,8%*
EUR	4,0%*
CAD	4,4%*
DKK	4,5%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluafili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýrnir fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. feb. - 3. mars 2008.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	0,7%	-26,7%
Bakkavör	3,1%	-32,7%
Exista	-0,8%	-47,6%
FL Group	-8,0%	-54,4%
Glitnir	3,7%	-23,7%
Eimskipafélagið	-4,9%	-27,1%
Icelandair	0,6%	-12,1%
Kaupþing	5,0%	-15,7%
Landsbankinn	6,5%	-18,9%
Marel	3,7%	-12,3%
SPRON	-7,2%	-51,8%
Straumur	2,4%	-26,8%
Teymi	-8,7%	-29,6%
Össur	1,3%	-10,6%

Miðað við Kauphallarstöðu kl. 15:45 á þriðjudag.

Sviar sjá hag í Kaupþingsbréfum

Skortsalar eru taldir standa á bak við hluta hækkunar á gengi bréfa í Kaupþingi í gær. Gengi bréfa í Kaupþingi sem skráð eru í OMX-kauphallarsamstæðunni í Svíþjóð hefur hækkað um rúm tuttugu prósent frá síðustu viku. Í gær hækkaði gengið um rúm níu prósent í Kauphöll Íslands.

Sænski bankinn Enskilda var um þrjúleytið skráður fyrir kaupum á bréfum Kaupþings fyrir um 850 milljónir króna. Talið er að skortsalar hafi keypt hluta bréfa í gegnum bankann en ekki er útilokað að bankinn hafi sjálfur séð hag í kaupum enda gengið



FORSTJÓRI KAUPÞINGS Sænski bankinn Enskilda var skráður fyrir kaupum á miklu magni bréfa í Kaupþingi í gær. Skortsalar eru taldir standa á bak við hluta kaupanna.

MARKAÐURINN/VILHELM

lág, að sögn viðmælenda Markaðarins. Íslenskir bankar voru sömuleiðis skráðir fyrir miklu magni bréfa í bankanum.

Erlendir fjármálasérfræðingar skýrðu mikla hækkun á bandarískum og evrópskum hlutabréfamörkuðum fyrir páska með kaupum skortsala á bréfum sem hafi lækkað mikið upp á síðkastið. Telji þeir ólíklegt að gengi ákveðinna bréfa muni lækka frekar og hafi þeir því lokað stöðum sínum.

Skortsalar eru þeir sem fá mikið magn bréf í ákveðnum fyrirtækjum að láni gegn þóknun. Þeir selja þau á háu gengi til að lækka markaðsvirði þeirra, kaupa þau aftur á lægra gengi og hirða mismuninn.

- jab

Selt í SPRON

Ari Bergmann Einarsson, stjórnarmaður í SPRON, seldi í gær hlut í sparissjóðnum fyrir um 103 milljónir króna. Um var að ræða 25 milljónir hluta á genginu 4,125. Það var Arol ehf., eignarhaldsfélag í eigu Ara og konu hans, sem seldi bréfin. Félagið á tæplega 31 milljón hluta í SPRON eftir sölu á gær.

Gengi bréfa í SPRON hækkaði lítillega í gær og skömmu fyrir lokun viðskipta í Kauphöllinni, stóð gengi bréfa í SPRON í 4,37.

Ekki náðist í Ara Bergmann. Úrvalsvisitala Kauphallarinnar hækkaði um 5,52 prósent í gær.

- ikh

Svör um Gift í vikulok?

Hvorki framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Samvinnu-trygginga, né stjórnarformaður félagsins, vilja tjá sig um komandi aðalfundi Samvinnusjóðsins og Eignarhaldsfélagsins Andvöku sem verða haldnir á föstudag.

Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður segir í grein í Morgunblaðinu í gær að fyrrum tryggjendur í Samvinnu-tryggingum bíði enn eftir hlutum sínum í Fjárfestingafélaginu Gift sem stofnað var upp úr Eignarhaldsfélaginu Samvinnu-tryggingum í fyrra-summer. Hversu stórt félagið er og verðmætt liggja enn ekki fyrir.

„Vonandi verður upplýst um allt þetta á aðalfundi Samvinnusjóðsins,“ segir Sigurður. Hann bætir því við að þeir sem tóku ákvörðun á sínum tíma um að breyta Samvinnu-tryggingum í Gift, séu „nokkrir umboðslausir fram-sóknar- og samvinnumenn, þ.á.m.



SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON Nokkrir umboðslausir fram-sóknar- og samvinnumenn ákváðu að stofna Fjárfestingafélagið Gift upp úr Eignarhaldsfélaginu Samvinnu-tryggingum.

MARKAÐURINN/PIJETUR

tveir af fyrrverandi viðskiptaráðherrum Framsóknarflokksins [...].“

Samvinnusjóðurinn verður að líkindum stærsti hluthafinn í Gift. Samband íslenskra samvinnufélaga verður líklega næst stærsti hluthafinn. Þetta liggur þó ekki fyrir því skilanevnd Eignarhaldsfélagsins Samvinnu-trygginga er enn að störfum. Hún býst við því að greina frá því í maí, hverjir eigi hluti

í Gift.

Sigurður G. Guðjónsson segir ennfremur rétt fyrir þá sem voru með líftryggingar hjá Andvöku, gagnkvæmu tryggingafélagi, að láta á það reyna hvort þeir fái að sitja aðalfundinn.

Sömu fjórir menn sitja í stjórn-um Samvinnusjóðsins og Andvöku. Þeir eru: Ólafur Friðriks-son, formaður, Helgi S. Guðmundsson, Benedikt Sigurðsson og Guðsteinn Einarsson.

- ikh

Skuldaálagið lækkar

„Almennt hefur skuldatryggingaálagið á evrópskum bönkum til fimm ára lækkað frá upphafi páskavikunnar,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis.

Skuldatryggingarálag íslensku bankanna hefur líka

lækkað, að jafnaði um fimm-tíu punkta, eða hálf prósentu-stig.

Skuldatryggingarálag Landsbankans var 5,2 prósent seinnipartinn í gær, Kaupþings 7,5 og Glitnis 7,0 prósent, og lækkað mest.

- ikh

Búast við frekari hækkun

Greining Glitnis býst við því að Seðlabankinn eigi eftir að hækka stýrivexti sína enn frekar, á vaxtaákvörðunardeggi 10. apríl næstkomandi. Þá verða jafnframt gefin út Peningamál bankans.

Greining Glitnis segir að í raun komi stýrivaxtahækkun gærdagsins, upp í 15 prósent, ekki á óvart. Fram komi í fráviksspá Seðlabankans í síðustu Peningamálum

að gengi krónunnar myndi lækka um fimmting á fyrri helmingi ársins. Þá myndi vaxtaálag á erlendar skuldbindingar innlendra aðila hækka um eitt og hálf prósent. Hvort tveggja hefði kallað á vaxtahækkun upp í 15 prósent. Vaxtaálagið hafi hækkað meira en fráviksspáin gerði ráð fyrir og gengi krónunnar lækkað enn meira.

- ikh



Á AÐALFUNDI KAUPÞINGS Sigurður Einarsson stjórnarformaður og Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri. Sigurður sagði á aðalfundi bankans í byrjun mars að stefnt væri á upptöku evru sem starfrækslu- og kauphallarmyntar bankans frá og með næsta rekstrarári.

MARKAÐURINN/ANTON

Eru ósammála um túlkun IFRS-reglna

Kaupþing telur einsýnt, samkvæmt alþjóðlegum reiknings-skilareglum (IFRS) og anda laga um ársreikninga, að starfrækslumynt bankans eigi að vera önnur en króna.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Ekki er heimilt að leggja saman evru og danska krónu við mat á því hvort evra geti verið starfrækslugjaldmiðill fyrirtækis. Þetta kemur fram í rökstuðningi ákvörðunar Ársreikningaskrár vegna umsóknar Kaupþings um heimild til að færa bók-hald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Á aðalfundi Kaupþings í marsbyrjun tilkynnti bankinn að umsóknin hefði verið dregin til baka og upptöku evru í bankanum frestað fram yfir áramót.

Ársreikningaskrá hafði hins vegar heimilað Kaupþingi að taka upp evru sem starfrækslumynt í úrskurði sínum 22. desember síðastliðinn en einungis að því gefnu að samruninn við hollenska bankann NIBC yrði að fullu frágenginn strax í byrjun þessa árs. Var mat stofnunarinnar að eftir slíkan samruna uppfyllti bankinn skilyrði laga um að evra gæti talist starfrækslumynt hans. Þetta gekk sem kunnugt er ekki eftir og var samruni bankanna raunar blásinn af í janúarlök. Þá má segja að heimildin hafi verið marklfitil enda hafði Kaupþing ekki ráðrúm nema milli jóla og nýárs til að uppfylla skilyrðið um samrunann.

Hins vegar má lesa úr úrskurðinum að með því að leggja saman danska krónu og evru þóttist Kaupþing vera búid að sýna fram á slíkt vægi gjaldmiðlanna saman að réttlætti að evra teldist starfrækslumynt bankans. Dönsk króna og evra eru sem kunnugt er tengdar með samningi milli Seðlabanka Danmerkur

og Seðlabanka Evrópu, þar skiptagengið er tæplega 7,5 og vikmörk 2,5 prósent, en sögulega hefur munað mun minna á gjaldmiðlunum. Í ljósi þessa og að Ársreikningaskrá taldi að með samruna við NIBC væri vægi evru í rekstri bankans komið yfir tilskilin mörk má hins vegar áætla að ekki þurfi mikið að breytast í rekstri Kaupþings til þess að evran nái því vægi í rekstrinum til að verða starfrækslumynt að mati Ársreikningaskrár.

Meira ber hins vegar í milli í túlkun Ársreikningaskrár og Kaupþings á lögum um ársreikninga og alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS). Kaupþing telur að samkvæmt stöðlunum beri bankanum að hverfa frá notkun krónunnar. Á þetta sjónarmið fellst Ársreikningaskrá ekki. Samkvæmt heimildum Markaðarins telur Kaupþing að matið á því hvort IFRS-reglur knýi á um upptöku annarrar starfrækslumyntar og ákvörðun þar að lútandi sé á herðum stjórnar hvers fyrirtækis og að í raun þurfi ekki sækja um til Ársreikningaskrár, en falli félög ekki undir IFRS-staðla þá þurfi að sækja um. Á þetta fellst Ársreikningaskrá ekki heldur og segir ákvæði sem bankinn bendir á í þessa átt eiga við um leiðbeiningnar við „umreikning til framsetningargjaldmiðils þegar hann er annar en starfrækslugjaldmiðill“.

Innan Kaupþings þykir tæpast samræmast anda laga um Ársreikninga að leggja stein í götu fyrirtækis sem er bæði með tæp 80 prósent af tekjum og tæp 80 prósent af skuldum í annarri mynt en þeirri íslensku og vill skipta yfir í aðra starfrækslumynt.

AMP

HEFST 7. APRÍL

ONE IN EVERY TEN FORTUNE 500
SENIOR EXECUTIVES ARE AMP ALUMNI

REYKJAVÍK UNIVERSITY
IN COLLABORATION WITH
IESE BUSINESS SCHOOL IN BARCELONA

www.ru.is/amp – skráning núna!



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

SJÓÐIR KAUPÞINGS FÁ HÆSTU EINKUNN Á ALÞJÓÐAVETTvangi



Neðangreindir sjóðir Kaupþings hlutu nýverið hæstu einkunn hinna virtu matsfyrirtækja Morningstar™ og Lipper sem sérhæfa sig í úttektum á verðbréfasjóðum.

Kaupþing Erlend hlutabréf	★★★★★	
Kaupthing Fund Swedish Growth	★★★★★	
Kaupthing Fund Global Value	★★★★	👍👍👍👍
Kaupthing Fund Nordic Growth	★★★★	👍👍👍👍

Við mat á hverjum ofangreindra sjóða er tekið tillit til allra sambærilegra sjóða og árangur síðastliðinna þriggja ára skoðaður með tilliti til áhættu. Morningstar™ gefur 1-5 ★ og Lipper gefur 1-5 👍. Upplýsingarnar eru frá 29. febrúar 2008.



Sérfræðingar á Eignastýringarsviði Kaupþings eru staðsettir í tólf af þeim þrettán löndum þar sem bankinn er starfræktur. Mikil áhersla er lögð á nána samvinnu milli landa, þannig nýtist sérhæfð og staðbundin þekking á hverjum markaði fyrir sig og víðtæk tækifæri á alþjóðavísu opnast. Eignir í stýringu Eignastýringar Kaupþings eru 1.557 milljarðar ISK og eru starfsmenn 408.

Upplýsingar um sjóði Kaupþings veitir Ráðgjöf Kaupþings í Borgartúni 19, í síma 444 7000 og í tölvupósti: radgjof@kaupthing.is
Nánari upplýsingar um sjóði Kaupþings má nálgast á www.kaupthing.is/sjodir.

Kaupþing Erlend hlutabréf er fjárfestingarsjóður, rekinn í tveimur deildum, ISK deild og EUR deild. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Frekari upplýsingar um sjóðinn er hægt að fá í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem má finna á sjóðavef Kaupþings, www.kaupthing.is/sjodir. Kaupthing Fund Nordic Growth, Kaupthing Fund Global Value og Kaupthing Fund Swedish Growth eru verðbréfasjóðir, starfræktir í Lúxemborg. Frekari upplýsingar er hægt að fá í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðanna, sem má finna á sjóðavef Kaupþings, www.kaupthing.is/sjodir.

Höfundaréttur (c) 2008. Morningstar UK Limited. Allur réttur áskilinn. Viðeigandi upplýsingar í þessari auglýsingu: (1) eru eign Morningstar og/eða samstarfsaðila þess; (2) má ekki afrita eða dreifa; og (3) er ekki ábyrgt að séu réttar, tæmandi eða tímanlegar. Hvorki Morningstar né samstarfsaðilar þess bera ábyrgð á tjóni sem stafar af notkun á þessum upplýsingum. Árangur í fortíð er ekki örugg vísbending um árangur í framtíð.

Nýr forstjóri NIBC

Jeroen Drost var í gær ráðinn forstjóri hollenska bankans NIBC. Hann tekur við starfinu 1. maí næstkomandi.

Michael Enthoven, fyrrverandi forstjóri, sagði starfi sínu lausu skömmu eftir að Kaupþing hætti við yfirtöku á bankanum í enda janúar síðastliðins og tók uppsögnin gildi 20. mars.

NIBC hefur ekki farið varhluta af lausafjárkreppunni. Hagnaður hans í fyrra nam 235 milljónum evra, sem er um sextíu prósentu samdráttur á milli ára.



MICHAEL ENTHOVEN Nýr forstjóri hefur verið ráðinn yfir hollenska bankann NIBC.

Drost var áður forstjóri hollenska bankans ABN Amro í Asíu. - jab

Eigandi Newcastle tapar á bankadýfu

Mike Ashley, eigandi enska úrvalsdeildarliðsins Newcastle og stjórnarformaður íþróttavöruverslunarinnar Sports Direct, er sagður hafa tapað tugmilljónum punda á fjárfestingu sinni í skoska bankanum Halifax Bank of Scotland (HBOS). Gengi bréfa í bankanum féll um tæp tuttugu prósent í síðustu viku.

Sports Direct er einn helsti keppinautur íþróttavöruverslunarinnar JJB Sports í Bretlandi, sem Exista ræður að stórum hluta.

Fjármálasérfræðingar í Bretlandi telja að spákaupmenn hafi skortselt bréf bankans, skellt miklu magni þeirra á markað sam-

fara því að koma slæmum fréttum af lausafjárstöðu hans á kreik í því skyni að fella gengið og græða. Talið er að einn verðbréfasali hafi hagnast um 100 milljónir punda, jafnvirði fimmtán milljarða króna, á athæfinu.

Breska fjármálaeftirlitið hefur málið til skoðunar, að sögn breska blaðsins Times. Bankinn brást við í vikubyrjun og hóf að kaupa eigin bréf. Það skilaði sér í vænni hækkun, tæpum fjórtán prósentum, um hádegisbil í gær.

MIKE ASHLEY HVETUR SÍNA MENN Eigandi Newcastle er sagður hafa tapað jafnvirði nokkurra milljarða íslenskra króna á falli skoska bankans HBOS í síðustu viku.



MARKAÐURINN/AFP

Um 1.600 iPhone-símar í notkun hér

iPhone-símum frá Apple hefur fjölgað mikið hérlendis frá því síðasta haust. Þá voru hér 40 tæki í notkun. Íslendingur er fjórum sinnum líklegri en Dani til að eiga iPhone.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Meðan hér er einn ólöglegur Apple iPhone-farsími í notkun á hverja 196 íbúa eru 685 Danir um hvern slíkan síma. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins frá stærstu fjarskiptafyrirtækjum landsins eru hér um það bil 1.600 iPhone-símar í notkun. Í Danmörku eru þeir um 8.000 talsins, samkvæmt nýrri frétt Berlingske Tidende.

Sala Apple iPhone-síma var lengi vel óheimil utan Bandaríkjanna vegna einkaréttarsamninga Apple við símafyrirtæki þar í landi. Þá höfðu símtækin fyrsta kastið ekki fengið löggilta CE-merkingu líkt og fjarskiptatæki á Evrópska efnahagssvæðinu þurfa að fá. Eftir að samningar náðust um sölu og dreifingu símanna hjá völdum símfyrirtækjum í Bretlandi og Frakklandi fengu þeir hins vegar slíka merkingu. Apple hefur hins vegar haldið sig við að selja símana ekki öðruvísi en í gegnum áskriftarsamninga símfyrirtækja. Til þess að nota hér iPhone-síma sem keyptur hefur verið í Bandaríkjunum, Englandi eða Frakklandi þarf að breyta hugbúnaði símans þannig að hann sé ekki lengur læstur inni á kerfi viðkomandi símfyrirtækis. Þá eru enn seldir í Bandaríkjunum símar án CE-merkingar, en þeir eru ólögleg fjarskiptatæki hér.

Ekki þarf mikla tæknipækkingu til að breyta símunum þannig að þeir gagnist notendum hér, en hugbúnaður til þess og leiðbeiningar eru fljótfundin á netinu. Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa nokkrir einstaklingar engu að síður haft af því tekjur að breyta símunum fyrir fólk og hafa þá rúkk að nokkur þúsund krónur fyrir viðvíkið.

Ljóst er að hér á landi hefur orðið sprenging í fjölda iPhone-síma í notkun. Síðasta haust var frá

ÓLÖGLEGIR IPHONE-SÍMAR

Land	Símtæki	Íbúafjöldi
Danmörk	8.000	5.476.000
Ísland	1.600	313.000



FLOTTEIT FRÁ APPLE iPhone-símarir eru ekki með takka heldur snertiskjá. Síminn er augnayndi og ekki að undra að þeir sem á annað borð eru áhugasamir um nýjustu tækni láti sig langa í slíkan grip.

Því greint á vef Vísis að samkvæmt heimildum væru um 40 „óskráðir og ólöglegir“ iPhone-símar í notkun hér á landi, en þá höfðu tækin ekki enn fengið CE-merkingu. Fjölgunin nemur 3.000 prósentum.

Símarir eru nokkuð vinsælir enda þykja þeir ekki dýrir miðað við jafn tæknivætt tæki með svipaða möguleika, en á vef Apple er tækinu lýst sem „breiðtjalds-iPod með snertiskjá og framúrskarandi internet samskiptatæki með tölvupósti, vafra, leit og kortum“. Á móti kemur að iPhone styður ekki net þriðju kynslóðar farsímatækni, auk þess sem til skamms tíma hefur skort stuðning við Microsoft Exchange, en slíkur stuðningur er forsenda þess að samtengja megi tækið tölvupóstforritum Windows-stýrikerfisins.

Í frétt Berlingske er bent á að iPhone hafi verið í sölu frá því í júní í fyrra, en í janúar hafi Apple upplýst að fjórar milljónir tækja hafi verið seldar. Apple hefur staðið í nokkrum slag við kaupendur sem aflæst hafa símtækjunum. Þannig gaf Apple fyrir áramót út hugbúnaðaruppfærslu sem varð til þess að símar læstust aftur. Ekki liðu hins vegar nema nokkrir dagar þar til „tölvuþrjótar“ höfðu brotið þá læsingu á bak aftur líka.

Betra tilboð í fjárfestingarbankann

Bandaríski bankinn JP Morgan hækkaði á mánudag tilboð sitt í fjárfestingarbankann Bear Stearns úr tveimur dölum á hlut í tíu. Þetta er fimmfalt hærra boð en bankinn gerði á dögunum, sem taldist brunaútsöluverð.

Fjármálamarkaðurinn, sem hafði tekið dýfu eftir að JP Morgan lagði fram sitt fyrra boð í bankann, tók nýja tilboðinu fagnandi. Þá rauk gengi Bear Stearns upp um tæp níutíu prósent. Þetta er engu að síður fremur lágur verðmiði, sem fór hæst í 172,6 dali á hlut í fyrra.

Bandaríski seðlabankinn hefur stutt við söluferlið á Bear Stearns, meðal annars með fjármögnun kaupanna auk þess sem hann hefur sett á laggirnar fyrirtæki sem mun hafa það hlutverk eitt að selja eignir fjárfestingarbankans.

Aðgerðir bankans hafa hins vegar verið gagnrýndar harðlega ekki síst þar sem svo virðist sem seðlabankinn muni um tíma sinna hlutverki almenns fjárfestingarbanka. Slíkt sé fjarri hlutverki hans, að sögn fréttaveitu Bloomberg.



VÍÐ HÖFUÐSTÖÐVAR BEAR STEARNS JP Morgan hefur lagt fram fimmfalt hærra boð í fjárfestingarbankann Bear Stearns. Fréttirnar fóru vel í bandaríska fjárfesta.

MARKAÐURINN/AP



Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 28. mars 2008 í matsal fyrirtækisins að Norðurgarði, Reykjavík, og hefst hann kl. 17:00.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. gr. samþykktu félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund. Ennfremur er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu félagsins www.hbgrandi.is.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:30.

Óski hluthafar eftir að ákveðin mál verði tekin til meðferðar á aðalfundinum, þarf skrifleg beiðni um það að hafa borist félagsstjórn með nægjanlegum fyrirvara, þannig að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn HB Granda hf.

5125050
Auglýsingasími
Mest lesið

NÝJAR VÍDDIR ▲ 100%



VIÐ UMBREYTUM VIÐSKIPTAHÁTTUM Í HEIMINUM

50 lönd. Sex heimsálfur. Eitt fyrirtæki. Þegar fyrirtækið sem er leiðandi í rafrænum verðbréfavíðskiptum sameinast fyrirtækinu sem starfrækir kauphallir og innleiðir kauphallartækni um allan heim, hefur hugtakið *markaður* öðlast nýja merkingu. Verið velkomin í nýjan heim verðbréfavíðskipta, kauphallartækni og þjónustu við skráð félög. Kíktu við á nasdaqomx.com

NASDAQ OMXSM

Klámiðnaðurinn er skriljónabissness sem vex og vex

Tekjur klámiðnaðarins á heimsvísu hafa vaxið gríðarlega undanfarin ár og og kynnu í hittiðfyrra að hafa numið hærri upphæð en Bandaríkin vorðu til hernaðar. Þetta ár voru tekjur klámsins meiri en sjöhundruðfaldar þjóðartekjur Íslands. *Ingimar Karl Helgason* fór yfir tölur um klámiðnaðinn og komst að því að hann hefur lagt undir sig stóran hluta af internetinu og ótrúlega margir eyða hluta af vinnudeginum í klám.

Níutíu og sjö milljarðar Bandaríkjadala er há upphæð. Hún er meira að segja svo há að gjaldreyrisreiknivélin á visir.is ræður ekki við hana þegar hana á að umreikna yfir í íslenskar krónur. En ef við tökum upp blað og blýant og reiknum miðað við gengið fyrir opnun markaða í gær nemur þessi upphæð hátt í sjö hundruð og sextíu þúsund milljörðum íslenskra króna.

En hvaða tala er þetta? Níutíu og sjö milljarðar Bandaríkjadala eru tekjur klámiðnaðarins í heiminum á árinu 2006.

Til samanburðar má nefna að vergar þjóðartekjur Íslendinga þetta ár námu riflega eitt þúsund milljörðum króna samkvæmt Hagstofnunni. Gjaldreyrisforði Seðlabankans er nú innan við tvö hundruð milljarðar króna.

Bent hefur verið á að þessi upphæð er hærri en sú sem Bandaríkin vorðu til hernaðar á þessu sama ári.

Einnig hefur verið bent á að tekjur klámiðnaðarins slá út samanlagðar tekjur tæknifyrirtækjanna Microsoft, Google, Amazon, eBay, Yahoo, Apple, Netflix og Earthlink.

Tekjur bandaríska klámiðnaðarins fara einar og sér fram úr samanlagðum tekjum fjölmiðlarisanna ABC, CBS og NBC. Þessar upplýsingar koma fram í yfirliti vefsíðunnar toptenreviews.com þar sem meðal annars er dæmdur hugbúnaður sem á að hjálpa til við að þeir sem ekki hafa aldur til geti skoðað klámsíður. Upplýsingunum hefur verið safnað frá ýmsum fjölmiðlum, rannsóknarstofnunum og samtökum.

VAXANDI IÐNAÐUR

Klámiðnaðurinn vex og vex hratt. Ein birtingarmynd þess er fjöldi klámmynda sem framleiddur er í Bandaríkjunum. Hann hefur aukist mikið undanfarna áratugi. Þá hefur verið næstum stöðugur vöxtur í tekjum af klámmyndum í Bandaríkjunum undanfarnin fimmten ár. Raunar dró úr tekjum af þessari starfsemi í hittiðfyrra miðað við árið á undan. Tekjur klámbransans í heild þar í landi jukust hins vegar um þúsund milljarða króna, eða sem fyrr segir, eins og einar þjóðartekjur Íslendinga bættust við.

Bandaríkjamenn eru þó ekki nema hálfdrættingar á við Kínverja í þessum efnunum.

Kökuritið sýnir að riflega 27 milljarðar Bandaríkjadala féllu klámbransanum í skaut frá Kína í hittiðfyrra. Það jafngildir því að hver einasti Kínverji hafi eytt vel yfir tuttugu Bandaríkjadöllum í klám af einhverju tagi. Sama ár komu þrettán milljarðar dala frá Bandaríkjunum sjálfum. Þar í landi eyddi hvert mannsbarn hátt í 50 dólum í klám.

Raunar kemur fram í umfjöllun Forbes tímaritsins, sem raunar kom út fyrir einum sjö árum, að ætla mátti að ekki væri fullt mark takandi á öllum tölum um klámiðnaðinn. Líklegt væri að tölur væru ýktar. Rétt er að hafa í huga að þær tölur sem hér eru birtar eru mat, en þær sýna samt sem áður að tekjur af klámi fara mjög vaxandi.

Gríðarlega miklu af klámi er dreift á netinu. Nefna má klámmyndir sem seldar eru á DVD-diskum, áður myndbandsspólum, klámmyndum er einnig dreift á netinu. Hér er ekki aðeins átt við svonefndar „ljósbláar“ myndir, eða listrænar myndir af nöktum líkómum, heldur gróft klám, þar sem ekkert er dregið undan. Á netinu er einnig fjöldi spjallrásar. Bæði er um að ræða rásir þar sem fólk spjallar hvert við annað, en mjög færast í vöxt á netinu að fatafellur af báðum kynjum taki greiðslu fyrir að fækka fötum, eða stunda kynlíf, í spjalli við greiðandann. Einnig er enn gríðarlega mikið prentað af klámblöðum. Rétt er að hafa í huga að hér er fjallað um tiltölulega lítinn hluta af kynlífsiðnaði heimsins. Í þessum tölum eru nektardansstaðir, kynlífsleikföng, simaklám og fleira. Hins vegar eru engar upplýsingar um til dæmis vændi eða kynlífstúrismá.

Þá liggja ekki fyrir upplýsingar um hversu margir starfa við klám. Það eru ekki aðeins þeir sem eru framman við myndavélarnar, heldur myndatökufólk, förðunar fólk, ljósa- og tæknifólk, auk þess sem risafyrirtækin í kláminu reka stórar skrifstofur þar sem fjöldi manns starfar.

KLÁM Í VINNUNNI

Í samantekt toptenreviews kemur fram að fimmtungur bandarískra karla viðurkennir að skoða klámsíður á netinu í vinnunni. Hjá konum er hlutfallið þrettán prósent. Á hinn bóginn kemur fram á vefsíðunni healthymind.com að þar í landi eiga 70 prósent heimssókna á klámsíðum sér stað á vinnutíma. Það hafi meðal annars orðið til þess að næstum þriðja hvert fyrirtæki hafi látið starfsmann fara af þessum sökum. Yfir þriðjungur netnotkunar fólks í vinnutíma tengist vinnu þeirra ennfremur ekki neitt. Það sé þó langt í frá allt saman klám. Til að mynda var talið að bandarísk fyrirtæki hefðu tapað 450 milljónum dala vegna netútsendinga af yfirheyrslum yfir Clinton, þáverandi forseta, vegna viðskipta hans við Monicu Lewinsky. Mikill meirihluti þeirra sem skoða klám eru karlar. Sjö af hverjum tíu þeirra sem skoða klámsíður eru karlar. Um þriðjungur eru konur.

Algengast er að fólk á aldrinum 35 til 49 skoði klám. Þá kemur fram í tölum toptenreviews að krakkar séu að jafnaði ellefu ára þegar þeir rekast á klám á netinu. Mjög hátt hlutfall barna hafi skoðað klám á netinu, flest hafi rekist á það við heimalærdóm af einhverju tagi.

GAGNRÝNI Á FJÁRFESTINGAR
Upplýsingar um eignarhald fyrirtækja sem framleiða klám liggja yfirleitt ekki fyrir. Þó eru nokkur dæmi um að fyrirtæki af þessu tagi séu skráð í kauphallir. Í þeim hópi eru Playboy sem skráð er

í Kauphöllina í New York, New Frontier Media og Private Media Group, sem er sænskt að uppruna, sem eru skráðar á Nasdaq og Beate Uhse sem skráð er í Kauphöllina í Frankfurt.

Fjárfestingar í þessum fyrirtækjum hafa verið gagnrýndar.

„Það verður að endurskoða siðareglur norska olíusjóðsins,“ sagði Tina Aagaard, talskona vinstrikvenna í Noregi, í samtali við norska dagblaðið Dagens Næringsliv. Eins og greint var frá í síðasta Markaði hefur Aagaard ásamt þarlendum kvæntindasamtökum gagnrýnt stjórnendur norska sjóðsins harðlega fyrir að kaupa hlutabréf í bandaríska útgáfufélaginu Playboy. Þetta þykir ekki samrýmast siðferðilegri og ábyrgri fjárfestingarstefnu sjóðsins sem kynnt var í fyrra. Sjóðurinn fjárfestir af þeim sökum ekki í fyrirtækjum sem tengjast hergagnaframleiðendum, svo dæmi sé tekið.

Hér er að öðru leyti ekkert fjallað um siðferði klámiðnaðarins og það má líka líta annað. Ekki er ósennilegt að börn séu yfirleitt yngri en ellefu ára þegar þau sjá ofbeldismyndir og manndráp í sjónvarpi. Þá gera ekki margir athugasemdir við að mun yngri börnum sé boðið að leika sér með sverð og byssur.

ÍSLAND?

Í rannsókninni Kynlífsmarkaður í mótun, sem Drífa Snædal vann árið 2003, kemur fram að það ár hafi velta kynlífsmarkaðar hér á landi numið hátt í milljarð króna og að ætla mátti að hátt í tvö hundruð manns hefðu atvinnu sína af því sem þar er kallað „löglegur“ kynlífsiðnaður.

Enginn hefur síðan tekið út íslenskan kynlífsiðnað, veltu hans og starfsmannafjölda, eða meta hversu miklum fjárhæðum eða tíma Íslendingar verja í klám.

Sé miðað við vöxt klámiðnaðarins í heiminum má hins vegar ætla að umfang hans hér hafi líka aukist. Hér eru enn reknar símalínur, einkamálafevur og nektardansstaðir. Klámmyndum er dreift í stafrænu sjónvarpi og á hótélherbergjum. Þá er ekki nýtt að í hælendum verslunum sem selja kynlífsleikföng og ýmsan fatnað fari oft en ekki meirihluti verslunarplássins undir gróft klám. Auk þessa stunda Íslendingar netið sem aldrei fyrr.



SÍLIKONBRJÓST Brjóstastækkunaraðgerðum í Bandaríkjunum fjölgaði um 700 prósent á árunum 1992 til 2004.

Góðar fyrirmyndir?

Klámið hefur „komið út úr skápnunum“ ef svo má að orði komast á undanförunum árum. Því sem áður var falið er nú stillt fram. Fram kemur í bókinni Female chauvinist pigs, women and the raunch culture, eftir Ariel Levy, að klám hafi haft mikil áhrif á samfélag Vesturlanda. Áhrifin megi sjá víða, til dæmis í tónlistarmyndböndum þar sem fáklæddar stúlkur dansa, íþróttakonur láti mynda sig klæðalausa, áhrifin sjáist einnig í klæðaburði kvenna og ef til vill ekki síst í fjölda brjóstastækkunaraðgerða.

Hún bendir á að árið 1992 voru framkvæmdar tæplega 33 þúsund brjóstastækkunaraðgerðir í Bandaríkjunum, en árið 2004 voru aðgerðirnar yfir 260 þúsund. Þessa miklu aukningu rekur hún meðal annars til þess hve fegurðarstaðall úr klámi sé orðinn almennur, og vísar til sjónvarpsþátta eins og The Swan og Extreme Makeover. Hún bendir einnig á að færst hafi í vöxt að konur láti breyta kynfærum sínum með skurðaðgerð, svo þau líkist meira kynfærum þeirra kvenna sem sitja fyrir í Playboy eða leika í klámmyndum.

FRÁ ÝMSUM LÖNDUM	
Tekjur klámiðnaðarins, greint eftir löndum.	
Land	Milljarðar Bandaríkjadala
Kína	27,40
Suður-Kórea	25,73
Japan	19,98
Bandaríkin	13,33
Ástralía	2,00
Bretland	1,97
Ítalía	1,40
Kanada	1,00
Filippseyjar	1,00
Taívan	1,00
Þýskaland	0,64
Finnland	0,60
Tékkland	0,46
Rússland	0,25
Holland	0,20
Brasilía	0,10

ÝMSAR TÖLUR*

Daglegar klámtengdar fyrirspurnir á leitarvélum 68 milljónir (25% allra fyrirspurna)
 Klámsíður 4,2 milljónir (12% allra vefsíðna)
 Klám í tölvupósti 2,5 milljarðar (8% alls tölvupósts)
 Hlutfall netnotenda sem skoðar klám 42,70%
 Fjöldi þeirra sem skoða klámsíður 72 milljónir í hverjum mánuði
 Tekjur af klámi á netinu 4,9 milljarðar Bandaríkjadala

* Miðað er við árið 2006

FJÖLDI KLÁMMYNDA SEM GERÐAR ERU Í BANDARÍKJUNUM

1988 1989 1990 1991 1992 1993 1994 1995 1996 1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2004 2005

0

12.000

9.000

6.000

3.000

FYRIRTÆKIÐ VAKTAÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

Firmavörn er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112, þar sem starfsfólk okkar er ávallt í viðbragðsstöðu. Lykilbúnaður Firmavarnar miðast við mismunandi þarfir hvers fyrirtækis og er settur saman svo vörn fyrirtækisins gegn reyk-, vatns-, eða innbrotstjóni verði sem öflugust.

Securitas býður einnig upp á margvíslegar öryggisvarnir s.s. innbrotakerfi, aðgangsstýrikerfi, öryggismyndavélar, mannaða gæslu, öryggishnapp, vöruverndarhlíð, slökkvitæki, brunaviðvörðunarkerfi, sjálfvirk slökkvikerfi, verðmætaflutning, farandgæslu, hússtjórnarkerfi, rýrnunareftirlit.

Öryggisráðgjafar Securitas í síma 580 7000 benda þér á þær lausnir sem best henta þínu fyrirtæki.



FIRMAVÖRN

Ef þú tryggir þér Firmavörn Securitas fyrir 31. mars færðu fyrstu tvo mánuðina fría.



FRÍR
MÁNUÐUR



FRÍR
MÁNUÐUR

Fjallað um fórnarkostnað

Viðskipti við útlönd myndu fyrstu árin aukast um 9 til 23 prósent við aðild Íslands að Myntbandalagi Evrópu. Líklegt er að lítið. Þetta er niðurstaða rannsókna sem kynntar voru á ráðstefnunni „Er Ísland hagkvæmt myntsvæði“ sem fram fór í Reykjavík, miðvikudaginn 14. mars. Ráðstefnunni var höfð af *Ármanntson* sótti ráðstefnuna og hlustaði á **Andrew K. Rose** frá Berkeley-háskóla í Bandaríkjunum, **Þórarinn G. Pétursson** og **Francis Breedon**, frá Tanaka Business School við Imperial College í Lundúnum.

Með aðild að Myntbandalagi Evrópu og upptöku evru myndu viðskipti Íslands við lönd bandalagsins aukast verulega og hagsveiflan hér myndi færast nær þeirri evrópsku. Þetta er í hnotskurn niðurstaða rannsókna **Andrew K. Rose**, prófessors í alþjóðaviðskiptum við Kaliforníuháskóla í Berkeley í Bandaríkjunum. Hann flutti erindi á ráðstefnunni „Er Ísland hagkvæmt myntsvæði?“ í Háskólanum í Reykjavík, miðvikudaginn fyrir páska. Rose er einn helsti fræðimaður heims á sviði gjald-eyrismála og hagfræði myntsvæða og þykir aðstandendum ráðstefnunnar mikill akkur í komu hans hingað.

Varlega áætlað segir Rose að viðskipti við útlönd myndu aukast um níu prósent við aðild að Myntbandalagi Evrópu. „Rúmur fimmtungur er samt líklegri tala fyrstu árin eftir inngöngu. Áhrifin eru svo líklegt til að aukast til lengri tíma lítið,“ segir hann. Spurningunni um hvort Ísland sé hagkvæmt myntsvæði lætur Rose hins vegar ósvarað, enda sé hann fræðimaður og nálgist viðfangsefni sitt frá þeim sjónarhóli og vilji ekki hlutast til um stefnumarkandi ákvarðanir hér. Þá segir hann fordæmin vanta enda sé Ísland minnsta landið sem haldi úti sjálfstæðri flotgengismynt. „Næsta sambærilega dæmi er Nýja-Sjáland, en það er meira en tíu sinnum stærra en Ísland.“ Hann segir hins vegar nokkuð ljóst að kostir þjóðarinnar í gjaldeyrismálum séu ljósir; annað hvort haldi þjóðin sig við núverandi ástand gjaldeyrismála eða gangi í Myntbandalag Evrópu. „Aðrir raunhæfir kostir eru ekki í stöðunni.“

KRÓNAN GÆTI TRUFLAÐ

Í erindum **Francis Breedon**, dósents við Tanaka Business School í Lundúnum, og **Þórarins G. Péturssonar**, forstöðumanns rannsókna og spáeildar hagfræðisviðs Seðlabanka Íslands, kom hins vegar fram að íslenska krónan kynni í sjálfu sér að vera uppspretta óstöðugleika í hagkerfinu og því vandmetið hvort í raun væri ávinningur af því að halda hér úti sjálfstæði í stjórn peningamála, sem samkvæmt kenningum hagfræðinnar ætti að hjálpa til við að bregðast við sérstæðum hagsveiflum hér. „Þar eru ein veigamestu rökin gegn upptöku evru á Íslandi, það er að hér séu hagsveiflur bæði sjálfstæðar og stórar,“ segir **Breedon**. „Ég myndi hins vegar vilja kasta fram þeirri spurningu að hversu miklu leyti krónan sjálf er orsök þessara sveiflna í hagkerfinu? Getum við í raun lítið á sérstæðar hagsveiflur á Íslandi sem rök gegn því að taka upp evrópumynt?“ **Breedon** bendir á að því fylgi bæði kostnaður og ávinningur að ganga inn í myntbandalag, en sífellt fleiri rannsóknir bendi til þess að ávinningurinn, með tilliti til aukinna alþjóðaviðskipta, sé verulega mikill. „Með því að horfa bara á Myntbandalag Evrópu, fremur en önnur myntbandalög sem rannsókuð hafa verið, kemur í ljós að áhrif þess eru minni en hinna, en engu að síður veruleg.“ Nið-

urstöður okkar benda til að viðskipti Íslands gætu aukist um sem nemur sextíu prósentum og að hlutfall viðskipta af þjóðarframleiðslu gæti aukist um tólf prósent við inngöngu Íslands í Evrópusambandið og Myntbandalag Evrópu,“ segir hann.

SVEIFLUR VERÐA SAMLEITARI

Andrew Rose segir að eðlilega sé kostnaður efst í huga þjóða sem hugleiði kosti þess og galla að ganga í myntbandalag. „Við inngöngu í Myntbandalag Evrópu tapið þið sjálfstæðri peningamálastefnu og getunni til að ná tókum á sveiflum í hagkerfinu. Ef trúin á peningamálastefnuna er aftur á móti lítil er fórnarkostnaður líka smár,“ segir hann. Um leið bendir Rose á að ekki sé þörf á sjálfstæðri peningamálastefnu ef hagsveifla allra landa innan myntsvæðis er sú sama. „Innganga í myntbandalag getur orðið til þess að gera hagsveiflur landa einsleitari,“ segir hann og bendir í því sambandi á hvernig mál hafi þróast á Írlandi. Þar segir hann hagsveifluna hafa færst nær þeirri evrópsku eftir upptöku evru og með auknum viðskiptum. Hann segir vísbendingar um að með inngöngu í Myntbandalag Evrópu verði til hringrás jákvæðra breytinga í hagkerfinu þar sem hvað styðji annað. Með inngöngu aukist viðskipti við önnur Evrópulönd og sú aukning leiði í sjálfur sér til aukinnar samleitni sveiflna í viðskiptalífinu. „Þannig dregur Myntbandalagið úr þörfinni fyrir sjálfstæða peningamálastefnu,“ segir hann.

Við mat á því hversu mikið milliríkja- viðskipti kunna að aukast við inngöngu í Myntbandalag Evrópu tekur **Rose** saman niðurstöður fjölda rannsókna sem gerðar hafa verið á því síðan árið 2002 (en þá var hún fyrst tekin í almenna notkun sem mynt) og gerir á þeim sam-

burðarrannsókn. Um leið slær hann þá varnagla að Myntbandalag Evrópu sé einstakt í sögu myntbandalaga í því að þar komi saman ríkar og þróaðar þjóðir og því séu ekki samanburðarhæfar rannsóknir sem gerðar hafi verið á öðrum eldri myntbandalögum, sem fátækari þjóðir hafi gjarnan bundist. Því segir hann á færri rannsóknum að byggja og áréttar að ólíklegt sé að fullt hagræði af Myntbandalagi Evrópu sé komið fram. Áhrif þess að ganga í, eða úr, myntbandalagi segir **Rose** að komi fram á löngum tíma, líkast til um þrjátíu árum.

GJALDMIDLUM FÆKKAR Í HEIMINUM

„Eigin mynt er hins vegar hindrun þegar kemur að milliríkja- viðskiptum, sama hvaða lönd er átt í viðskiptum við,“ segir **Rose**. „Spurningin er hversu mikið viðskipti myndu aukast við það að Ísland tæki upp evru.“ Hann segir um það bil 50 rannsóknir liggja fyrir um áhrif Myntbandalags Evrópu á viðskipti milli ríkja. „Niðurstöðurnar benda til að hér myndu áhrifin að minnsta kosti nema níu prósentum, en megnið af rannsóknunum benda til mun meiri áhrifa, að minnsta kosti tuttugu prósentum á fyrstu fimm til sex árunum eftir inngöngu.“ Sjálfur

FJALLAR UM MYNTSVÆÐI OG HAGSVEIFLUR

Kanadíski fræðimaðurinn **Andrew K. Rose** segir Myntbandalag Evrópu einstakt í að þar hafi efnaðar þjóðir sameinast um gjaldmiðil og því sé þróun mála ekki samanburðarhæf við önnur myntbandalög þar sem tekið hafi saman ríki sem alla jafna hafi staðið höllum fæti.

MARKAÐURINN/VILHELM



eigin myntar

Segt er að aukningin yrði mun meiri til langs tíma en í Háskólanum í Reykjavík í dymbilviku. Óli Kristján Pétursson, staðgengill aðalhafgæðings Seðlabanka Íslands,

segist hann líta svo á að þessi áhrif til aukningar séu tiltölulega hóflega metin og séu líkleg til að aukast þegar frá líður.

Drátt fyrir ungan aldur Myntbandalags Evrópu og ákveðinn skort á rannsóknargögnum og fordæmum kveðst Andrew Rose vera bjartsýnn fyrir hönd myntsamstarfsins. „Að mínu mati hefur Myntbandalagið orðið til þess að viðskipti hafa aukist á evrusvæðinu og um leið einsleitni hagsveiflunnar í þeim löndum. Þessi umræða er hins vegar í gangi og skiptar skoðanir um málið.“ Hann bendir á að vissulega þurfi að horfa til fleiri þátta við mat á áhrifum þess hversu mikið viðskipti kunna að aukast, svo sem skilvirkni fjármálamarkaða, gæða peningamálastefnunnar og fleiri þátta. Um leið kveðst Rose þeirrar skoðunar að áhrif inngöngu í myntbandalag kunni að vera meiri á minni ríki en stærri, enda hafi þau mun meira að græða á auknum viðskiptum. Ólíkt nóbelsverðlaunahafanum Robert Mundell kveðst hann ekki telja heiminn munu enda með einn gjaldmiðil, þótt þróunin sé tvímælalaust sú að gjaldmiðlum í heiminum muni fækka. „En það er munur á svæðum heims sem hættulegt er að horfa fram hjá,“ segir hann, en telur til mun lengri tíma litið ekki útlokað að Evrópa hafi

eina mynt, Ameríka aðra og svo aftur Suðaustur-Asía.

„Framvinda þessarra mála ræðst hins vegar mjög af því hvornig þróunin verður í Myntbandalagi Evrópu næsta áratuginn. Ef reynslan verður góð þá fara önnur lönd líklega að taka þetta alvarlega.“ Næsta myntsamruna utan Evrópu giskar Rose á að gæti orðið hjá Bandaríkjunum, Kanada og Mexíkó.



ÞÍÐA ÞESS AÐ TAKA TIL MÁLS Francis Breedon (til vinstri) var síðastur á mælendaskrá ráðstefnunnar í HR fyrir helgi. Hann og Þórarinn G. Pétursson, sem flutti miðerindi ráðstefnunnar, hlýða hér á Andrew Rose fjalla um Myntbandalag Evrópu. MARKAÐURINN/VILHELM

Smáríki búa við meiri gengissveiflur

Verðbólguveiflur myndu líkast til hjaðna við inngöngu í stærra myntbandalag. Smáríki og nýmarkaðsríki gætu líka náð meiri árangri í baráttu við verðbólgu með gagnsærri og trúverðugri peningamálastefnu.

Niðurstöður samanburðarrannsóknar Þórarins G. Péturssonar, hagfræðings og lektors við Háskólann í Reykjavík, benda til að Íslendingar kunni að þurfa að sætta sig við verðbólguveiflur umfram þau ríki sem við berum okkur helst saman við. Hann segir þó rúm til framfara með opnari og trúverðugri peningamálastefnu sem nýti meiri stuðnings ríkisins og stofnana þess. Um leið segir hann niðurstöðurnar benda til að með aðild að Myntbandalagi Evrópu mætti ná betri tókum á verðbólgu hér en vænta mætti með umbótum í peningamálastefnunni.

Þórarinn, sem jafnframt er forstöðumaður rannsóknar- og spádeildar hagfræðisviðs Seðlabanka Íslands og staðgengill aðalhafgæðings bankans, áréttaði í upphafi kynningar rannsókna hans á ráðstefnu Rannsóknarstofnunar í fjármálum við Háskólann í Reykjavík fyrir helgina, að hann lýsti þar einungis eigin skoðunum en talaði ekki fyrir hönd Seðlabankans.

ÁKVEÐNUM ÞJÓÐUM GENGUR VERR

Róttin að rannsókn Þórarins, sem ber heitið *How hard can it be? Inflation control around the world*, segir hann vera leitina að orsök ólíkrar verðbólguþróunar í löndum heims. Sér í lagi horfir hann til þess hvers vegna verðbólguveiflur eru meiri í litlum opnum hagkerfum og í nýmarkaðs- og þróunarríkjum en gerist hjá stærri og þróaðri löndum. Í kynningunni hans í Háskólanum í Reykjavík lagði Þórarinn áherslu á þýðingu niðurstaðnanna fyrir stjórn peningamála hér.

„Ég horfi til þess hvað það kostar að fórna sjálfstæðri stjórn peningamála og hvort í því felst í raun og veru kostnaður,“ segir Þórarinn. Um leið bendir hann á að ríki heims séu mislagin við að halda úti sjálfstæðri peningamálastefnu. „Sumum ferst það vel, ...og öðrum síður.“ Hann segir að tveimur hópum þjóða virðist ganga verr í stjórn peningamála, annars vegar séu það mjög lítil hagkerfi og hins vegar nýmarkaðs- og þróunarríki. „Samanburður á árangri þessara þjóða í baráttu við verðbólgu við stærri og þróaðri hagkerfi er þeim í óhag.“

Þórarinn segir hins vegar þróunina í heiminum síðustu tvo áratugi hafa verið í þá átt að stjórn

peningamála hafi batnað og meiri árangur náðst í verðbólguálagnum. „Ef hins vegar er rýnt í gögnin kemur fram að löndum sem farnaðist vel áður heldur áfram að farnast vel. Í löndum þar sem illa gekk hafa orðið framfarir, en þær reka samt enn lestina í samanburðinum. Því er athyglisvert að velja fyrir sér af hverju það er að þótt löndum á borð við Ísland gangi nú betur, eru þau með slökustu niðurstöðuna í samanburði við aðrar vestrænar þjóðir.“ Þórarinn veltir fyrir sér hvort þar spili inn í þættir á borð við slaka stjórn peningamála, veikt stofnanakerfi, tíðari sérhæfð áföll, skipulag hagkerfisins, eða jafnvel hrein og klár óheppni.

MEIRI SVEIFLUR EÐA EVRA

Smæð landsins þýðir að hér verða áhrif efnahagsáfalla hlutfallslega meiri en í stærri ríkjum, segir Þórarinn og vitnar meðal annars til rannsókna Bens Hunts, sérfræðings Alþjóðagjaldveyrissjóðsins. Niðurstöður rannsóknar hans vísa einnig til sterkra áhrifa af sveiflum gjaldmiðilsins. Hann bendir reyndar á að í sögulegu samhengi sé gengissveifla krónunnar sú sama og dollarsins, þótt áhrifin séu önnur á hagkerfið hér en vestra. „Ef gengi krónunnar breytist um eitt prósent má merkja það tveimur árum síðar í 0,4 prósent á áhrifum á stýrivexti. Í Bandaríkjunum eru áhrifin næstum engin.“

Þórarinn segir krónuna, líkt og mynt annarra smárra opinna hagkerfa, auk nýmarkaðs- og þróunarlanda, bera áhættugjald sem auki sveiflur hennar. Hann bendir á að í löndum þar sem verðbólga sveiflast meira, sé tilhneigingin sú að hærra áhættuálag sé á gjaldmiðlum. Með gagnsærri og skilvirkari stjórn peningamála segir Þórarinn hins vegar hægt að draga úr vægi krónunnar á hagsveifluna, þótt hér verði landinn trúlegast að sætta sig við að búa við meiri verðbólguveiflur en annars staðar gerist. „Úr greiningunni má líka lesa að hægt væri að ná meiri árangri við að hemja verðbólgu við það eitt að taka hér upp evru og ganga í Myntbandalag Evrópu. Við slíka breytingu væri úr sögunni vandinn sem fylgir grunnnum og smáum fjármálamarkaði sem að öllum líkindum getur af sér meira og sveiflukenndara áhættuálag á gjaldmiðilinn.“

SAMANBURÐUR ÞJÓÐA 1985 - 2005*

Land	Meðal-verðbólga	Verðbólgu-sveiflur**	gengis-sveiflur***	stýrivaxta-sveiflur****
Ísland	7,7	8,3	11,0	3,8
Bandaríkin	3,0	1,4	11,0	1,1
Öll lönd	3,9	3,1	9,1	1,3
Nýmarkaðs- og þróunarríki*****	9,3	8,1	10,2	2,5
Lítill opin ríki*****	6,4	3,6	3,6	1,2
Fyrstu 12 ríki ESB	2,3	1,7	5,5	1,0
G6 *****	2,6	1,7	10,4	1,0

*1 Rannsókn Þórarins G. Péturssonar á þróun hagstærða valinna ríkja 1985 til 2005.

** Verðbólga og sveiflur hennar eru tilteknar í prósentuhlutfalli á ársfjórðungsgrunni.

*** Prósentusveifla á ársfjórðungsgildum.

**** Frávik í prósentum frá reglulegum þætti skammtímaxvaxta.

***** Lönd á borð við Chile, Tékkland, Eystrasaltsríkin, Ungverjaland, Möltu, Mexíkó, Pólland, Tyrkland og fleiri.

***** Samantekt sjö lítilla opinna hagkerfa: Kýpur, Eistland, Ísland, Lettland, Lúxemborg, Malta og Slóvenía.

***** Bandaríkin, Evrópusambandið, Ástralía, Japan, Indland og Kína.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Samfelld lækkun hlutabréfa og gengisfelling íslensku krónunnar hefur reynst mörgum mjög erfið.

Hreinsunarstarf hafið

Björgvin Guðmundsson

Nú reynir á þanþól margra í atvinnulífnum. Fjárfestar eru í vandræðum vegna þess að eignir hafa rýrnað í verði samfellt í níu mánuði. Veiking krónunnar kemur sér illa fyrir þá sem skulda mikið í erlendri mynt þó að einhverjir kunna að græða á gengisbreytingunni. Þípur fjármála-fyrirtækjanna, sem sprautu súrefni út í alla kima efnahagslífsins, eru því sem næst stíflaðar. Líkur eru á mikilli verðbólgu á þessu ári sem hækkar lán þorra almennings. Þrengingar leiða til atvinnumissis og hagvöxtur verður nálægt núlli. Tíminn framundan mun því ekki einungis reynast eignafólki erfiður heldur snerta líf fjölskyldna í landinu.

Þegar svo víðrar í efnahagslífinu skiptir ekki síður máli að við stjórnlögin sé hæft fólk sem horfir langt fram á veginn. Það fylgir því meiri ábyrgð að stýra atvinnulífnum framhjá skerjum alþjóðlegrar fjármála- kreppu í mótbyr en í þeim meðbyr sem einkennt hefur ástandið undan- farin ár. Þó hefur af og til gefið á bátinn eins og í upphafi árs 2006. Þá tóku menn höndum saman og leystu þau vandamál sem við blöstu. Nú er vandamálið ekki lengur bundið við litla Ísland heldur alþjóðlega markaði þar sem Íslendingar eru fullgildir þátttakendur. Það varð ekki bæði sleppt og haldið þegar frjálstræði var innleitt á tíunda áratugnum.

Þrátt fyrir að margir séu orðnir örvæntingarfullir er engin ástæða til að ætla að menn nái ekki að leysa þetta verkefni og komast í örugga höfn. Hreinsunarstarf er þegar byrjað innan fjármálafyrirtækjanna. Og við lærum af reynslunni þegar fram í sækir. Líklegt er að margir verði fátækari þegar því starfi er lokið. En það er fyrst og fremst á ábyrgð þeirra sjálfra. Um það snúast einmitt leikreglur á markaði. Menn njóta góðs af því að taka áhættu og hagnast þegar vel gengur. En áhættan er ekki bara orðin tóm. Hún er raunverulega til staðar og grundvallaratriði þegar viðskipti eru verðlögð.

Þegar fólk náði að draga andann um páskana eftir hræðilega viku á fjármálamörkuðum skapaðist svigrúm til að spá í næstu leiki. Sögur um sameiningar, fjárhagserfiðleika og jafnvel gjaldþrot fóru á flug. Vissulega voru margir lykilmenn í bönkunum kallaðir heim úr fríum til að sinna mikilvægum verkefnum. En meiri líkur eru á því að hreinsunarstarfið nái hámarki á öðrum ársfjórðungi, sem er ekki langt undan. Menn vilja klára fyrsta fjórðung án þess að þurfa að taka mikið til í bókunum. Útlánaáhættan, sem alþjóðleg matsfyrirtæki hafa fjallað mikið um undanfarið, er orðin raunveruleg á Íslandi. Hversu viðtækt tapir verður á eftir að koma í ljós og ræðst af þróuninni næstu vikurnar.

Þetta er óumflýjanlegt ferli sem fleiri en Íslendingar eru að ganga í gegnum. Hér á landi hefur gætt ákveðinnar gremju í garð stjórnsvalda og sumum finnst ekki nóg að gert til að létta undir með atvinnulífnum við þessar aðstæður. Vandamálið er að það ríkir ákveðið ráðaleysi. Menn vita ekki nákvæmlega til hvaða ráðstafana á að grípa án þess að hætta peningum almennings, skapa hér andrúmsloft örvæntingar eða hlutast í sjálfbæra leiðréttingu á markaðnum. Íhaldssemi, stefnufesta og yfirvegaðar ákvarðanir skipta máli.

Stefnufesta Seðlabankans sem birtist í enn meiri hækkingu stýrivaxta í gær mæltist ágætlega fyrir. Þó er ljóst að aukin aðgengi að lánsfé getur aukin peningamagn í umferð og þannig haft áhrif á verðbólguvæntingar. Þannig geta þessar aðgerðir Seðlabankans unnið hvor gegn annarri. Hins vegar er ljóst miðað við verðlagningu skuldabréfa í gær að menn trúa því að bankinn ætli sér sigur í baráttunni við verðbólgu.

Þessar aðgerðir létta róðurinn um stundarsakir. En það kemur ekki í staðinn fyrir hreinsunarstarf sem á sér stað innan fjármálafyrirtækja. Þegar upp verður staðið stöndum við eftir með öflugri félög til að standa þá ágjöf sem atvinnulífnið mun alltaf verða fyrir.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | oilkr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

Hjartastopp

– PAD hjartastartari

Fljótverkara og einfaldara verður það varla

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fáu þér strax Samaritan PAD hjartastartara.



Donna
Sími 555 3100

Sýnikennsla á www.donna.is

Markaðsstarf á samdráttartímum

ORÐ Í BELG

Guðmundur Arnar Guðmundsson
Markaðsstjóri
Icelandair í Bretlandi



Það er sennilega aldrei jafn ódýrt fyrir fyrirtæki að auka markaðs- hlutdeild og á samdráttartímum. Í árferði líkt og við erum í nú hættir hagvöxtur að ýta undir sölu svo eftir stendur markaðsstarfið sem verður að draga vagninn. Flest fyrirtæki skera niður fjárflæði til markaðsmála í samdrætti en þar liggur einmitt tækifærið fyrir þau fyrirtæki sem skera ekki niður og gefa jafnvel aðeins í.

Markaðsstjórar verða að koma þeim skilaboðum áleiðis til yfirstjórnna að minni fjárfesting í markaðsmál hefur langtíma áhrif á vörumerki. Minni markaðshlutdeild hefur aftur ein áhrif á tekjustreymi til skamms og lengri tíma.

Þrátt fyrir að það séu sóknarfæri í samdrætti þýðir það ekki að fyrirtæki eigi að halda óbreyttum hætti. Það er mjög líklegt að markaður fyrir vörur skreppi saman og að fyrirtæki verði af tekjum á þeim tíma. Þau þurfa því að vera ennþá snjallari í markaðsstarfinu sínu en áður. Lykilatriði er eins og alltaf að þekkja kunnann sinn vel og að fyrirtæki verði hálf manísk í upplýsingaöflun. Ekki aðeins með aðkeyptum rannsóknum heldur einnig með því að greina innanhúsupplýsingar betur. Það getur verið mjög misjafnt eftir fyrirtækjum og atvinnugeirum hvernig bregðast þarf við svo úr verði tækifæri. Þarf fyrirtækið að breyta staðfærslu á markaði? Hafa þarfir viðskiptavinarins eitthvað breyst og viðhorf til vörumerkisins? Seth Godin orðaði það skemmtilega. Seth talar um að þegar vel ári verðlaunum við okkur með því að versla. Sagan sem við segjum okkur er að við eigum það skilið, af hverju ekki að skella sér á þetta? Þegar herðir að breyttist sagan sem við segjum okkur. Við verslum til að tryggja okkur, koma í veg fyrir vandræði eða af því að varan verður aldrei jafn ódýr aftur. Báðar sögur geta auðvitað leitt fólk að sömu vörinni, en sagan í samdrætti er allt öðruvísi en í þenslu. Því er líklegt að fyrirtæki þurfi að tala við kunnana sína í allt öðrum tóni en áður.

Ástæðurnar eru þó nokkrar fyrir því að það er sennilega aldrei eins ódýrt að auka markaðshlutdeild og á samdráttartímum. Líklega skera samkeppnis- aðilar niður í markaðsmálum svo minna heyrir í þeim. Það verður ódýrara að auglýsa þar sem færri fyrirtæki yfirhöfuð sækja fram á markaðinum og miðlar þurfa að laga verð að minni eftirspurn. Auglýs-

ingátímar eru enn fremur ekki eins fullir af auglýsingum og því minni samkeppni um athygli fólks.

Breskar rannsóknir hafa sýnt að fyrirtæki sem halda í horfinu og gefa jafnvel aðeins í þegar samdráttur á sér stað auka markaðshlutdeild að jafnaði 4,5 sinnum meira en samkeppnis- aðilar sem skera niður. Það fylgdi ennfremur þeim fyrirtækjum sem náðu þessum árangri að þau voru öll mjög markaðshneigð. Ef við horfum á síðustu tvö samdráttarskeið entust þau í um átta mánuði hvort en að þeim loknum tóku við 92 mánuðir annars vegar og 120 mánuðir hins vegar af uppsveiflu. Ef skorið er niður í markaðsstarfi í niðursveiflu getur mikil markaðshlutdeild tapast fljótt. Þegar samdrætti lýkur getur reynst margfalt dýrara að vinna hana aftur, ef það er þá hægt. Þetta er mikilvægt að hafa í huga ef skera á niður í markaðsmálum í þínu fyrirtæki.

Til eru mörg dæmi um fyrirtæki sem hafa nýtt sér samdráttartíma og unnið mikið á. Icelandair í Bandaríkjunum er eitt dæmi. Eftir 11. september fóru flest flugfélög í þann ham að skera gríðarlega niður til markaðsmála á meðan Icelandair slakaði ekkert á og gaf í raun í, sem reyndist ábatasöm ákvörðun. Þeir unnu markaðshlutdeild sem hélt þegar hagkerfið fór af stað aftur með tilheyrandi tekjuaukningu. Taco Bell og Pizza Hut fóru í mikla sókn í samdrættinum árin 1990-1991 og juku markaðshlutdeild sína á skyndibitamarkaðinum á kostnað McDonald's sem dró úr sínu markaðsstarfi en var þeirra helsti keppinautur.

David Ogilvy talaði um sóknarfærið í samdrætti með sögu af smjörlikisframléiðanda sem auglýsti grimmt í síðari heimsstyrjöldinni í Bretlandi. Sagan væri ekki athyglisverð nema fyrir þær sakir að framleiðandinn hafði eiginlega ekkert smjörliki til að selja í Bretlandi á þessum tíma sökum stríðsins. Um leið og stríðinu lauk, og varan gat farið aftur á markað af krafti, átti fyrirtækið hugi

Breta og þar með smjörlikis- markaðinn.

Rannsóknir hafa sýnt að þegar mikil óvissa kemur upp eins og nú hefur fólk tilhneingingu til að fara inn í hellinn sinn. Það eyðir meiri tíma heima með fjölskyldu og vinum. Vörur sem allir urðu að eiga í gær eru vörur sem hægt er að lifa án í dag. Skilaboð þurfa að taka mið af þessu og verða ef til vill að verða mýkri en áður. Fólk eyðir mun meiri tíma í finna varanlegar neysl- vörur á samdráttartímum og er mun harðara í að bera saman verð og semja. Fólk leitast sem aldrei fyrr að góðum „díl“ áður en það verlar. Rannsóknir hafa sýnt að fyrirtæki þurfa að hörfa frá öllum brögðum í samdrætti og leggja áherslu á gildi eins og traust, endingu, öryggi og/eða afköst. Íslensk fyrirtæki þurfa auðvitað að leggja sjálf í vinnu til að finna hvað vinkill hentar þeim best, en það er mikilvægt að sú athugun eigi sér stað.

Nú gæti borgað sig að slaka á í ímyndarauplýsingum en leggja meiri áherslu á auglýsingar sem hafa sölumarkmið að leiðarljósi. Það er hætt við að fjármagn í kostanir, atburði og alls kyns styrkveitingar eigi eftir að verða af skornum skammti á næstu misserum þar sem fyrst er yfirleitt skorið niður þar þegar þengir að. Það er hins vegar mikilvægt fyrir fyrirtæki að hafa þetta fjármagn ennþá eyrnamerkt markaðsmálum þó því verði ráðstafað á annan hátt. Ef það er óhjákvæmilegt að skera niður fjármagn til markaðsmála þarf að hugsa það vel og taka ákvarðanir faglega og að vel athuguðu máli. Best er að byrja á því að reyna semja við miðla upp á nýtt en vafalaust er hægt að halda svipuðu áreiti hagkvæmar en áður. Ef það dugir ekki til er næsta skref að gefa eftir verkefni sem oft er hægt að skilgreina sem „gæluverkefni“ og stuðla lítið sem ekkert að sölu til skemmri tíma.

Niðursveiflur líkt og við erum að fara inn í núna vara ekki að eilífu. Sennilega varir þessi ekki lengur en til ársloka. Rannsóknir ber saman um að aldrei sé eins ódýrt að vinna markaðshlutdeild og einnig að aldrei séu eins miklar freistingar fyrir yfirstjórnir til að skera niður í markaðsmálum og þegar illa árar. Með niðurskurði á markaðsmálum tapast markaðshlutdeild, svo einfalt er það. Spurningin sem stjórni fyrirtækja verða því að spurja sig nú er hvaða stöðu á markaði þeir vilja hafa í janúar 2009.

UM VÍÐA VERÖLD

Millibankamarkaður

Á íslenskum peningamarkaði er starfræktur skipulagður millibankamarkaður með skammtímalán í krónum á milli banka og sparisjóða. Millibankaviðskipti gegna mikilvægu hlutverki á peningamarkaði, einkum mjög stutt lán vegna lausafjárstöðu, en einnig koma lengri lán við sögu. Markaðurinn er sýnilegur og samfelldur þar sem markaðsaðilar gefa upp leiðbeinandi vaxtatilboð fyrir inn- og útlán sín á milli í ákveðinn tíma, til dæmis yfir nótt, viku, í mánuð og ár. Markaðurinn, í þeirri mynd sem hann er nú, var mótaður af Seðlabanka Íslands í samvinnu við banka og sparisjóði og hóf starfsemi árið 1998. Með mati á vöxtum á millibankamarkaði er hægt að áætla gróflega lausafjárstöðu markaðarins og jafnvel stöðu einstakra lánastofnana. Vextir eru háir þegar skortur er á lausafé á markaðnum og

lágir ef gnótt lausafjár er til.

Millibankalán, sem rekja má til mismunandi lausafjárstöðu banka og sparisjóða, eru mikilvæg í lausafjárstýringu aðila á peningamarkaði.

Markaðurinn á að virka þannig að aðilar á peningamarkaði geti látið frá sér eða orðið sér úti um fjármagn. Þetta er ekki markaður þar sem markaðsaðilar hafa það að aðalmarkmiði að reyna að hagnast á sveiflum í vöxtum, heldur er hann fyrst og fremst hugsaður sem mikilvægt hjálpartæki aðila á peningamarkaði við stýringu lauss fjár. Millibankamarkaðsvextir eru mikilvægir í nútíma fjármálaviðskiptum, til dæmis við verðlagningu ýmissa fjármálaafurða, svo sem í afleiðuviðskiptum og sem viðmiðunarvextir á skipulögðum gjaldeyrisskiptamarkaði.

Heimild: Seðlabanki Íslands

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristján Ármannsson, Jón Skaltason, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufaldfur RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSími: 512 5000 Símbréf: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglisingar@markadurinn.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrenu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

SAGAN Á BAK VIÐ ... TRYGGVA ÞÓR HERBERTSSON FORSTJÓRA ASKA CAPITAL

Úr tónlistinni í fræðin og þaðan í rekstur

Tryggvi Þór Herbertsson steig ölduna ákaft þegar ólgan í kringum fjármálafyrirtækin á Íslandi hringsneri öllu snemma árs 2006. Þá var hann forstöðumaður Hagfræðistofnunar og duglegur að koma nauðsynlegum upplýsingum á framfæri um umgjörð og gangverk efnahagslífsins á Íslandi sem var mörgum framandi. Nú stendur hann hins vegar sjálfur í stafni fjármálafyrirtækis, Aska Capital, og reynir að sigla fleyinu framhjá skerjum fjármálakreppunnar.

Tryggvi Þór á að baki ansi sérstæðan feril og ólíkan því sem

gengur og gerist á æðstu stöðum innan fyrirtækja. Hann er gamall rokkari, sumir segja pónkari, og vann sem hljóðmaður hjá Stúdíó Mjöt á árunum 1981 til 1986. Þar kom hann að upptökum á lögum Bubba Morthens, Greifanna og Skriðjökla svo einhverjir séu nefndir. Þá var hann að klippa efni á upphafsárum Stöðvar 2, meðal annars fréttæfni.

Hann söðlaði um og fór í Tækniskóla Íslands þar sem hann fékk titilinn iðnrekstrarfræðingur árið 1992. Þá var hann að nálgast þrítugsaldurinn. Árið 1995 fékk hann mastersgráðu í hag-

fræði frá Háskóla Íslands og tók doktorspróf í hagfræði frá Árósa-háskóla 1998. Mörgum fyrrverandi félögum Tryggva brá svo í brún þegar hann var orðinn sérfræðingur á Hagfræðistofnun hjá Guðmundi Magnússyni prófessor. Tryggvi hefur alltaf verið duglegur og úrræðagóður og var orðinn forstöðumaður Hagfræðistofnunar 1995.

Samhliða sinnti hann kennslu meðal annars í þjóðhagfræði og fór gott orð af honum í hópi nemenda. Hann var vel inni í flestum málum og gat sagt skemmtilegar sögur sem tengdust viðfangsefni

námsefnisins. Hann vann sig upp um stöður innan HÍ og var orðinn prófessor við viðskipta- og hagfræðideild árið 2004. Á sama tíma fjölgaði verkefnum Hagfræðistofnunar mikið og fleiri gátu sinnt rannsóknum á vegum hennar. Ekki spillti fyrir að Tryggvi var í góðum samskiptum við ýmsa í stjórnarráðinu á þessum árum.

Það kom nokkuð á óvart þegar Tryggvi Þór var svo fenginn til að stýra nýjum banka, Öskum Capi-

tal, í byrjun árs 2007. Karl Wernersson og fjölskylda, sem eru stærsti hluthafinn, sóttu þannig fræðimanninn sem hafði nef fyrir rekstri, sem er fjarri því að vera sjálfgefið. Fyrsta starfsárið hefur ekki verið auðvelt Öskum frekar en öðrum fjármálafyrirtækjum. Styrkur Tryggva, sem felst meðal annars í því að útskýra hvað er í gangi og hvert stefnir, nýtist honum ekki síður nú en snemma árs 2006.



SPÁKAUÐURINN

Krullupinni

Seðlabankinn er risi á brauðfótum, dvalarheimili fyrir stjórn-málamein sem annað hvort nenna ekki lengur að mæta niður í Alþingi eða hafa tapað tiltrú almennings og fjárfesta og hanga í gömlum viðhorfum. Þetta vita svo sem allir og fjarri því að vera nýjustu fréttir. Seðlabankastjórnir sem koma úr Alþingi ættu að spila golf, eins og Steingrímur Hermannsson gerði á sínum tíma. Sportið er gott og seðlabankastjórnir fáum til ama.

Aðgerðir bankans í gær festu mig og aðra spákaupmenn enn í trúnni á hinn fallandi risa við Skúlagötuna. Handvirkargengishækkanir eru æðislegar, frábærlega úrelt tæki frá tímum verðbólgu draugsins. Það mættu fleiri dusta rykið af gömlum tækjum, svo sem Þjóðminjasafnið. Ég sé fyrir mér þurrkdag á Lækjartorgi þar sem þvottur er sendur í gegnum vindur og hann hengdur upp til þerris í brakandi sumarsól.

En ég hlusta náttúrlega ekki á krullupinnann í Seðlabankanum – og hef ekki gert lengi – sem hefur setið beggja vegna borðsins síðustu ár. Keyrt hagvöxt upp úr öllu valdi úr stóli forsætisráðherra og skipað fólki að draga úr neyslu úr stóli seðlabankastjóra. Þetta eru eins og tveir menn fyrir einn en reynist glópagull þegar á hólminn er komið.

Og talandi um glópagull þá er ég fyrir löngu búinn að kasta krónunni og festa allt mitt í evrum. Það er málið. Lánin eru enn í íslenskum og verða það svo lengi sem krónan heldur áfram að sveiflast líkt og lauf í vindi. Ég hlæ þegar hún skellur til jarðar eftir háflugið og tek feitt inn á gengismuninum.

Krónan er rugl. Menn vita ekki lengur hvort þeir eigi að vera eða fara. Tvístíga í Leifstöd með viskíflösku í hendinni og horfa á dropann bæði hækka og lækka í evrum talið. Sem er rugl.

En það sem við höfum grætt, kosmópólítarnir á íslenskum fjármálamarkaði, menn með vit í kollinum og nettengdir frá sumarhúsunum á Costa del Sol og Rúmeníu: Þetta er gróði, hellingspeningur sem ratar ofan í vasa okkar í formi næstum gratis peninga. Ef mér skjátlást ekki tók ég inn tvö hundruð millur í vasann í síðustu viku – á vaxtamun lánanna. Sem er gott og kætir konuna. Kannski ég kíkí heim bráðlega, setji í nýtt lán og blási í ættarmót. Allt á minn kostnað, greitt fyrir með vaxtamun. Og þannig græða allir á sveiflukenndri krónu. Bravó fyrir því!

Spákaupmaðurinn á horninu



HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA



PÓSTURINN

allur þakinn

LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA





BAKKABRÆÐUR BERJAST Verðmæti hluta bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssona í Exista hafði rýrnað um fimmtíu milljarða frá áramótum. Pappírspeningarnir hafa fuðrað upp í Kauphöll Íslands frá áramótum.

MARKAÐURINN/VILLI

713 milljarðar gufað upp frá áramótum

Úrvalsvísitalan hafði lækkað um 29 prósent þegar allir fóru í langþráð páskafrí. Nú reynir á mennina á bak við eignirnar.

Verðmæti sautján íslenskra fyrirtækja í Kauphöllinni hefur rýrnað um 712,7 milljarða frá áramótum. Mest hefur virði Kaupþings minnkað eða um 148 milljarða. Tvö önnur fyrirtæki, Exista og FL Group, hafa þurft að horfa upp á meira en hundræð milljarða gufa upp frá áramótum.

Þetta kemur fram í samantekt sem Vísir.is hefur birt á viðskiptavef sínum. Þar segir að til að bæta gráu ofan á svart fyrir Exista og FL Group þá hafa kjölfestueignir þeirra í íslenskum félögum einnig hrapað. Þannig hefur rúmlega 23 prósent hlutur félagsins í Kaupþing rýrnað um 34,1 milljarð og 39 prósent hlutur þess í Bakkavör um 16,6 milljarða. Rúmlega 30 prósent hlutur FL Group í Glitni hefur rýrnað um 26,8 milljarða.

Eins og gefur að skilja hafa stærstu hluthafar fyrirtækjanna einnig þurft að horfa upp á eignir sínar rýrna mikið. Þannig hefur 45,21 prósent hlutur bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssonar í Exista rýrnað um 50,1 milljarð frá áramótum. Fjárfestingarfélagið Kista, sem er í eigu SPRON og nokkurra annarra

sparisjóða, hefur þurft að horfa upp á 8,94 prósent hlut sinn í Exista minnka að verðmæti úr 20,1 milljarði í 10,2 milljarða eða um 9,9 milljarða.

Björgólfsfeðgar hafa einnig fundið fyrir erfiðum tímum í Kauphöllinni. Alls hafa þeir lykilhutur þeirra í Landsbankanum, Straumi-Burðarási og Eimskipi rýrnað um 56,3 milljarða. Þar munar mest um rétt rúmlega 40 prósent hlut þeirra í Landsbankanum sem hefur rýrnað um 35,9 milljarða og 32,89 prósent hlut þeirra í Straumi sem hefur rýrnað um 14,8 milljarða.

Hluthafar FL Group hafa einnig fengið þungt högg. Gengi bréfa í félaginu hefur fallið um 55,5 prósent frá áramótum og það hefur komið við stærstu hluthafa félagsins. Baugur Group, sem á 36,47 prósent hlut í FL Group í gegnum BG Capital og Baug Group, hefur þurft að horfa upp á eign sína í félaginu rýrna um 39,8 milljarða frá áramótum. Hlutur Fons, félags Pálma Haraldssonar, varaformanns stjórnar FL Group, upp á 12,21 prósent hefur rýrnað um 13,3 milljarða og hlutur Hannesar Smárasonar hefur rýrnað um 10,8 milljarða.

EIGNIRNAR SEM GUFUÐU UPP

Félögin tíu sem hafa upplifað mesta rýrnun í Kauphöllinni frá áramótum. Upphæðir eru í milljónum króna.

Félag	Virði 3. janúar	Virði 19. mars	Rýrnun
Kaupþing	651,6	503,5	148,1
Exista	224,4	113,7	110,7
FL Group	196,9	87,6	109,3
Landsbanki	391,2	303,1	88,1
Glitni	326,6	239,6	87
Straumur-Burðarás	156,4	111,4	45
Bakkavör Group	125,4	83,5	41,9
SPRON	45,3	21,7	23,6
HF. Eimskipafélag Íslands	62,4	45,5	16,9
Atorka Group	33,3	24,2	9,1

LANDBÚNAÐUR

Þriðjungur búa með lán í erlendri mynt

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Bændur hafa, eins og aðrir atvinnurekendur, fært sig undanfarin ár í auknum mæli yfir í erlend lán, að sögn Jónasar Bjarnasonar, forstöðumanns Hagbjónustu landbúnaðarins. Á sama tíma hefur það færst í vöxt að bændur fái vélar og tæki á svokallaðri kaupleigu og greiði fyrir afnotin mánaðarlega. Það færir þá ekki sem fjárfesting í bókhaldi búanna heldur flokkast sem rekstur. Lán fyrir tækinu er þá að hluta til fjármagnað í erlendri mynt.

Jónas segir að eins og með aðrar atvinnugreinar og almenning sem fjármagnar fjárfestingar með láni í erlendri mynt komi gengisfelling krónunnar sér illa fyrir bændur. Hann bendir á að til langs tíma, eins og þegar húsnæði er keypt, jafnast gengissveiflur út á móti hagstæðum vöxtum erlendis. Hins vegar geti þróunin orðið mörgum óhagstæð þegar verið sé að fjármagna kaup, eins og á vélum og tækjum, til styttri tíma. Erlend lán-taka hafi aukist mikið á árinu 2006.

Samkvæmt ársskýrslu Hagbjónustu landbúnaðarins voru fjárfestingar mestar á kúabúum árið 2006; fyrir tæpar 8 milljónir króna að meðal-

FJÁRFESTINGAR 2006*

	Meðaltal öll bú	Kúabú	Sauðfjárþú
Fjöldi búa	337	164	100
Bústofn	2	2	0
Vélar og tæki	2.416	3.505	996
Ræktun	8	6	14
Jörð	217	389	9
Byggingar	951	1.675	227
Greiðslumark	1.257	2.382	121
Samtals	4.852	7.959	1.368

*upphæðir eru í þúsundum króna Heimild; Hagbjónusta landbúnaðarins



NYJUSTU FJÓSIN KOSTA SITT Fjölmargir bændur hafa byggt upp glæsileg fjós með nýttu tækjabúnaði. Árið 2006 jókst erlend lán-taka bænda mikið.

tali. Fjárfestingar á sauðfjárþúum voru 1,4 milljónir að meðaltali. Á kúabúum var hlutfallslega mest fjárfest í vélum og tækjum, eða sem nemur 44 prósentum. Fjárfestingar í vélum og tækjum voru þó hlutfallslega mun hærrí á sauðfjárþúum; tæp 73 prósent. Þegar lagðar eru saman fjárfestingar í vélum og tækjum og greiðslumarki er vægi þeirra í heildarfjárfestingum nær áttatíu prósent bæði á kúabúum og sauðfjárþúum.

Samkvæmt ársskýrslunni nema eignir kúabúa að meðaltali 33,5 milljónum króna. Skuldir nema að meðaltali 39,3 milljónum króna. Hlutfall langtímaskulda er 85,5 prósent. Fylgni er greinileg á milli aukinnar bústærðar og aukinna skulda.

Eignir sauðfjárþúa eru að meðaltali 9,1 milljón króna. Skuldir nema alls 7,5 milljónum króna að meðaltali og hlutfall langtímaskulda er 71,1%. Eins og hjá þeim sem eru með kúabú er fylgni í aðalatriðum á milli aukinnar bústærðar og skulda.

Traust og hreinskilni mikilvægt í umrótninu

„Hræringar á fjármálamörkuðum reyna á stjórnendur og undirstríkar mikilvægi þess að sýna hreinskilni og fela ekkert fyrir hluthöfum,“ segir dr. Eric Weber, aðstoðarskólalastjóri IESE-viðskiptaháskólans í Barcelona á Spáni. Skólinn hefur verið í efsta sæti á lista Financial Times yfir bestu viðskiptaháskóla Evrópu undanfarin fimm ár.

Háskólinn í Reykjavík og IESE hefja í apríl samstarf um nám fyrir æðstu stjórnendur íslenskra fyrirtækja, sem kallast AMP (Advanced Management Program), og fer það fram bæði í Reykjavík og í Barcelona. Weber kennir í náminu auk annarra erlendra kennara.

Námið tekur hálf ár en síðasta fjórðungi þess lýkur í Miðjarðar-

hafsloftslagi við IESE-viðskiptaháskólann í Barcelona.

Weber segir að vandlega verði valið úr röðum umsækjenda. „Hópurinn þarf að vera þannig samsettur að einstaklingar innan hans geti lært hver af öðrum. Því þurfa þeir að hafa reynslu til að miðla af,“ segir hann. Þó sé ekki loka fyrir það skotið að yngri einstaklingar geti sest á skólabekkin.

Í náminu fær sérhver nemandi yfirhalingu í formi sértækra þjálfunar, sem styrkir hans sálrænu og persónulegu stoðir og leika,“ segir hann.



ERIC WEBER

„Nemendur í AMP-námi HR læra vonandi að koma hreint fram og fela ekkert,“ segir aðstoðarskólalastjóri IESE-viðskiptaháskólans í Barcelona sem mun í apríl taka stjórnendur fyrirtækja í læri í hálfri ári.

MARKAÐURINN/VILHELM

horft til þess að skerpa á leiðtogaþæfileikum hans.

Spurður um gildi námsins fyrir núverandi aðstæður segir Weber mikilvægt að stjórnendur komi hreint fram: „Frá árinu 1994 hefur ekki verið nein niðursveifla að ráði – ef netbólan er undanskilin – og stór hluti stjórnenda hefur aldrei komist í tæri við viðlíka lægð og þá sem nú hefur riðið yfir. Gildi hreinskilni og trausts eykst enn við þessar aðstæður. Stjórnendur fyrirtækja verða að hafa styrk til að koma fram af heiðar-

-jab

Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.10 og 18.20.

visir.is
...ég sá það á visir.is



Megum eyða milljarði á ári

„Þjóðhagslegur ávinningur af því að tryggja opið aðgengi að opinberum gögnum er margfaldur á við mögulegar leyfistekjur og kostnað,“ segir Hjálmar Gíslason, tæknistjóri hjá Já – Upplýsingaveitum.

Hjálmar flutti á dögnum erindi um nýsköpun og mikilvægi aðgengis að opinberum gagnasöfnum.

Hann bendir á að í höndum opinberra aðila sé gríðarlega mikið af gögnum sem megi nýta til ýmiss konar nýsköpunar. Þar megi telja gögn frá Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum, einkum Orðabók Háskólans, Ríkisútvarpinu, Hagstofunni, Landmælingum, Seðlabankanum, Veðurstofunni, Alþingi, Þjóðskjalasafninu og mörgum fleirum.

Aðgengi að þessum gögnum sé hins vegar oft á tíðum háð ýmiss konar hindrunum. Þau séu ekki til á stafrænu formi, erfitt sé að nálgast gögnin og finna, leyfismál séu óljós, gjöld séu tekin fyrir þau eða stofnanir einfaldlega liggi á þeim, „eins og ormar á gulli“.

„Verst af öllu er þegar gjaldtaka er jafnvel aðeins til mála-mynda, þá er bara verið að hindra notkun gagnanna, og þar með nýsköpun, án þess að nokkur von sé til þess að hafist upp í kostnaðinn við söfnun þeirra,“ segir Hjálmar.

Hann nefnir dæmi af Emblu, íslensku leitarvélinni, og leitarvélum já.is. Þar er til að mynda gert ráð fyrir mismunandi myndum orða, leitarvélir þekkir nöfn þjóðþekktra einstaklinga, bókar-titla, íslensk ornefni og jafnvel gert ráð fyrir skammstöfunum. „Þetta hefði ekki verið mögulegt án góðra gagna,“ segir Hjálmar.

Sum þessarra gagna hafi fengið að kostnaðarlausu, önnur með samvinnu við hlutadeigandi um endurgerð eða aðra nýtingu þessarra gagnasafna. Sem opnast aðgengi skiptir mjög miklu máli þar sem verkefni af þessu tagi séu oftast en ekki unnin af litlum fyrirtækjum, einstaklingum eða nemendum „með lítil fjárráð en mikinn áhuga“. Í þessum tilvikum hafi hins vegar tekist að leysa úr læðingi mikil verðmæti í umræddum gagnasöfnum. „Þá verður að hafa í huga að þegar um opinber gögn er að ræða, þá hefur almenningur þegar greitt

fyrir að láta búa þau til,“ segir Hjálmar.

Tölur frá Bretlandi sýni að þjóðhagslegt tap af takmörkuðum aðgangi að opinberum gagnasöfnum, nemi einum milljarði punda á ári í glötuðum þjóðartekjum. „Þetta samsvarar 700 milljónum króna hér á landi ef höfðatölureglunni er beitt. Mér liggur við að segja milljarði. Hluta af þessum fjármunum mætti verja í aukna gagnasöfnun og umfram allt í að bæta aðgengi að gögnum sem þegar eru til, og samt komið út í þjóðhagslegum plús,“ segir Hjálmar Gíslason.



HJÁLMAR GÍSLASON Búa mætti til mikil verðmæti með því að auka aðgengi að opinberum gagnasöfnum sem nota má til ýmiss konar nýsköpunar.



FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA

NET12

Notaðu vextina strax



Hleyptu vexti í reksturinn

Vertu með **Net12** netreikning hjá Byr og fáðu vextina greidda út mánaðarlega.

Fáðu háa ávöxtun

Net12 er óbundinn innlánsreikningur sem býður ávöxtun sambærilegri þeirri sem bundnir innlánsreikningar bjóða.

Reiknaðu dæmið til enda

Net12 er óbundinn hávaxta netreikningur sem þú stjórnar. Honum fylgir enginn kostnaður, ekkert úttektargjald og engin krafa um lágmarksinnborgun. **Og þú færð vaxtavexti af þeim vöxtum sem ekki eru greiddir jafnóðum út.**

BYR
SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 • byr.is

Net12 er rakin leið fyrir þau fyrirtæki og félag sem vilja fara í **alvöru vaxtarækt með Byr.**

Konur og fjármagn

Föstudaginn 28. mars efna Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri, iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið til námsstefnu um konur, fjármagn og rekstur fyrirtækja. Yfirskrift námsstefnunnar er Virkjum fjármagn kvenna. Meðal fyrirlesara er sænska athafnakonan Karin Forseke en hún er fyrsta kona heims til að stýra fjárfestingarbanka.

Karin var forstjóri sænska fjárfestingarbankans Carnegie á árunum 2003-2006 og ein fárra kvenna í forstjórnastóli fyrirtækja í kauphöllinni í Stokkhólmi. Karin er stjórnarmaður í breska fjármálaeftirlitinu (FSA) og hefur áratugareynslu af fjármálamörkuðum á Norðurlöndunum, í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Auk Karin taka þátt í námsstefnunni Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, Halla Tómasdóttir, starfandi stjórnarformaður Auðar Capital, Bjarni Ármannsson fjárfestir, Jón Scheving Thorsteinsson, stjórnarmaður Arev Securities, Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital, Guðrún Björk Bjarnadóttir, lögmaður hjá SA, Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma, Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis, Margrét Kristmannsdóttir, formaður FKA, Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr, Skarphéðinn Berg Steinarrsson, forstjóri Landic Property, og Elín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Arev Securities. Námsstefnustjóri er Þórunna Jónsdóttir, Auði Capital.

Námsstefnan fer fram á Hilton Reykjavík Nordica, 28. mars kl. 8-12.

DAÐUR Í LÍFI ...

Gísli Arnar Bjarnhéðinssonar, framkvæmdastjóra Búseta hsf.

07.15 Á fætur. Farið í sturtu og skyrtu straujuð. Morgunmatur í rólegheitum. Krakkarnir fyrir norðan hjá afa og ömmu.

08.30 Mættur í vinnu. Venjulega sest ég niður með starfsfólki í upphafi dags en þar sem annasamur dagur er fram undan fer ég beint í tölvuna. Kíki yfir greiningaskýrslur bankanna yfir tebola. Keyri síðan á fyrsta fund dagsins af fjórum.

09.00 Fundur með arkitektum vegna breytinga á einu íbúðarhúsnæði félagsins.

10.30 Hringi í bankann og rætt við eignastýringu um breytingar vegna ólgu á mörkuðum. Skrepp í búð til að bjarga páskunum!

11.00 Fundur hjá Ark arkitektum vegna raðhúss sem nánast er lokið við að teikna.

12.15 Mættur aftur á skrifstofuna. Svára tölvupósti og tek nokkur símtöl. Hádegismatur.

14.00 Fundur á skrifstofu vegna skipulags og hönnunar á eldhúsi í fjölbýlishúsi sem hugsað er fyrir eldri borgara.

15.15 Farið á síðasta fund dagsins sem einnig er hjá arkitektastofu þar sem farið er yfir hugmyndir um veitingasal í fyrirhuguðu fjölbýlishúsi.

17.30 Fundahöldum dagsins lýkur. Kem við í „mjólkurbúðinni“ til að grípa borðvín fyrir matarboð um kvöldið. Renni við á skrifstofunni og klára nokkur mál. Á heimleið rúmlega sex. Um sjöleytið erum við hjónakornin mætt í matarboð þar sem gestirnir útbúa sjálfir sitt sushi.



GÍSLI ÖRN BJARNHÉÐINSSON Fundar oft á dag vegna íbúðarhúsnæðis félagsins sem er víða á höfuðborgarsvæðinu. MARKAÐURINN/ARNPÓR

Áhugi á póker eykst

Fjöldmargir Íslendingar spila póker sér til dægrastyttingar. Lítil peningur er í spilunum en netspilarar geta hagnast dável.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Ég er 200 þúsund í plús,“ segir Davíð Hansson, fyrrverandi formaður Pókersambands Íslands. Hann segir pókerspil skemmtilegan leik sem sé síður en svo hættulegur líkt og af sé látið. „Þetta eru fordómar þeirra sem lítið þekkja til,“ segir hann.

Pókerspil var talsvert í fréttum síðasta sumar eftir að lögreglan í Reykjavík leysti upp póker mót á Þjóðhátíðardaginn fyrsta. Þá minnkaði ekki áhuginn eftir að Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, viðurkenndi að hafa hagnast um nokkra tugi þúsunda króna á pókerleik í einu af spilavítunum sem starfrækt eru í höfuðborginni.

Talið er að tvö spilavíti séu starfrækt í borginni – eitt lengi vel í nágrenni Hjalpræðishersins – þar sem póker er spilaður. Davíð segir pókerspilamennskuna hér líkari bridsmótum en þeim harðsvíruðu og reykmettuðu samkomum sem sjáist í kvikmyndum. Ákveðið gjald sé greitt í upphafi leiks, á bilinu 10 til 20 þúsund þótt sumir fari í allt að 40 þúsund krónur. Fyrir það fást spilapeningar til þátttöku. „Flestir hætta þegar þeir klára peningana,“ segir Davíð án þess að vilja geta sér til um hversu háar upphæðir einstaka spilarar séu ýmist að taka inn eða tapa á kvöldi. Hann telur þó að þær séu í lægri kantinum. Spilarar sem hagnist mest á spilamennskunni sjáist lítið í íslenskum spilavítum. Þeir kjósi fremur að sitja heimavið og leggja undir á netinu á kvöldin. Þar séu hæstu fjárhæðirnar. „Ég hef heyrt um íslenskan spilara sem hefur grætt tuttugu milljónir þar á ári í þrjú ár,“ segir hann. Aðrir spilarar hafa tekið inn lægri upphæðir, jafnt á netinu sem á mótum erlendis.

Davíð hefur sjálfur spilað póker í um þrjú ár. „En þetta er líka blanda af kunnáttu og heppni,“ bætir hann við og leggur áherslu á að auðvelt sé að læra spilið. Á móti megi verja ævinni í að fullkomna hæfnina – og út á það gangi leikurinn. Lítil von sé hins vegar á því að einstæðir pókerspilarar finni sér kvonfang í



SINDRI LÚÐVÍKSSON Bestu pókerspilararnir hafa komið frá Evrópu og Bandaríkjunum. Efnilegir spilarar eru nú að koma frá Norðurlöndunum. Meirihluti íslenskra pókerspilara eru allt frá átján ára aldri til sextugs. MARKAÐURINN/GVA

íslensku spilavíti. Konur sem þar hafi sést síðustu ár séu teljandi á fingrum annarrar handar.

Sindri Lúðvíksson pókeráhugaður tekur undir með Davíð að spilamennskan sé hreinræktuð skemmtun í bland við kunnáttu. Sindri er maðurinn á bak við fyrrnefnt póker mót og rekur verslunina Gismo.is, einu verslunina hér á landi sem sérhæfir sig í flestu því sem tengist pókerspilamennsku. Sindri segir sprengingu hafa fyrst orðið hérlandis í pókeráhuga fyrir fjórum árum en ákveðin uppsveifla sé aftur um þessar mundir. Vísar hann til þess að íslenskir áhorfendur geti nálgast efni tengt póker á íslenskum og erlendum sjónvarpsstöðvum auk þess sem nokkrir áhugamenn hafi sett upp íslenskar vefsíður á netinu þar sem hægt sé að fræðast um pókerspilamennsku.

Sindri segir sterkustu spilarana koma frá Evrópu og Bandaríkjunum en Norðurlöndin sækja fast á. „Efnilegir spilarar eru nú að koma frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð,“ segir hann og bendir á að flestir endurspegli þeir kunnahóp hans, karlar frá átján ára aldri upp að sextugu.

Sindri tekur hins vegar ekki undir með Davíð að nær einvörðungu karlar spili póker. Tvítug norsk stelpa, Annette Obrestad, hafi farið með sigur af hólmi á fjölmörgum stórmótum síðastliðin tvö ár. Annette hóf spilamennskuna fyrir þremur árum og hefur unnið sér inn rúmar 2,3 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 180 milljóna íslenskra króna. Erlendis séu fleiri efnilegar stelpur að koma sterkar inn. „Þær eru reyndar fáar hér en þetta er allt að koma,“ segir hann.

FRÍSTUNDIN

Í útilegu með öll þægindi

„Á sumrin er aðaláhugamál mitt ferðalög innanlands með fjölskyldunni,“ segir Björgvin Barðdal, framkvæmdastjóri Seglagerðarinnar Ægis. „Uppáhaldsstaðurinn er Skvísuvík við Selsund við Heklu-rætur. Þar er stórbrotið landslag og áhugaverðar gönguleiðir um hraunið sem fjölskyldan er dugleg að þræða. Staðir eins og Kirkjubæjarklaustur, Húsafell og Hellishólar koma líka til greina þegar farið er í ferðalög með feliðhýsið í eftirdragi.“ Björgvin segir að feliðhýsið sé þægilegt í notkun hvort sem ferðinni sé heitið upp á hálendið eða bara til að þræða tjaldstæðin og njóta afslöppunar með fjölskyldunni.

„Aðstaðan á tjaldstæðum landsins hefur aldrei verið betri. Yfir 100 staðir á landinu í dag bjóða upp á skipulagða aðstöðu, þar sem hægt er að tjalda vagninum jafnvel með aðgengi að rafmagni og vatni. Útilegur eru ofarlega í huga manns þegar

veðrið er gott. Útilega í feliðhýsi er ferðamáti sem hefur gert fólki kleift að ferðast um landið án mikillar fyrirhafnar. Auðveldara er að draga þessa vagna um þjóðvegi landsins en margir halda. Bara að passa að börnin séu í bílnum,“ segir Björgvin í gríni. „Bruna af stað í góða veðrið sem er alltaf einhvers staðar á landinu.“ Kona Björgvins, Þóra Sif Sigurðardóttir, og börnin Arnþór 16 ára, Björk Steinunn 10 ára og Ófeigur 10 ára, njóta þess að ferðast með þeim þægindum sem vel útbúið feliðhýsi hefur upp á að bjóða. „Þegar börnin voru orðin þrjú var stefnan tekin á feliðhýsið en það er ferðamáti sem hentar vel fyrir fjölskyldur með börn. Útilegur í venjulegu tjaldi gera fólk háðara veðri. Reynslan er að fólk ferðast meira en ella ef það á sæmilega vel útbúinn vagn. Þægindi sem fólk er vant heima fyrir hafa sitt að segja í útilegunni. Hitakerfið í vagninum gerir gæfumuninn og það

fer alltaf vel um fjölskylduna sama hvernig veðrar.“ Björgvin ólst upp í kringum tjöld og segir að ferðaáhuginn sé honum í blóð borinn. Hann er þriðji ættliður framkvæmdastjóra Seglagerðarinnar Ægis, sem er eitt elsta starfandi fyrirtæki landsins, stofnað 1913, og hefur verið í eigu fjölskyldu hans síðustu sextíu árin. Útivist og útilegur með fjölskyldunni hafa því alltaf verið stór hluti af hans lífsstíl.

Björgvin og fjölskylda eiga það oft til að bregða sér í útilegu með mjög stuttum fyrirvara þegar tekur að vora. „Það er gott að geta notið alls í náttúrunni, þar á meðal vonda veðursins, vitandi það að vagninn er afbragðs skjól fyrir þig og þína,“ segir Björgvin, sem fer fljótlega að setja sig í ferðagírinn með hækkandi sól.

- vg
SKÁL! Björgvin Barðdal segir þægindi sem fólk sé vant heima fyrir hafa sitt að segja í útilegunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR





ÞAÐ LANGAR ALLA
AÐ FARA ALLA LEIÐ

www.landrover.is



Með bílinn handa þér

RANGE ROVER SPORT

Fyrir þá sem geta valið hvað sem er – er valið einfalt! Þegar kröfurnar eru rífligt rými, fullkomnir aksturseiginleikar, fágun í öllum frágangi og útlit sem sómir sér jafn vel á vegum úti og við tröppur Þjóðleikhússins, er Range Rover Sport hinn augljósi valkostur. Eigendur Range Rover gera miklar kröfur og sú staðreynd að þessi breski lúxusbíll trónir á toppnum ár eftir ár ættu að vera nægjanleg meðmæli. Við þá sem enn kunna að efast segjum við: Skoðuðu staðalbúnaðinn í Range Rover Sport og spurðu sjálfan þig hvort þú þráir ekki innst inni að fylgja hinu margfræga kjörorði Land Rover og „FARA ALLA LEIÐ“?

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200



GO BEYOND

BANKHÓLFID

Brosir breitt

Tímasetningar skipta ávallt miklu máli í fjárfestingum. Einn fjárfestir sem fór mikinn á árinu 2006 má eiga það að hann hefur tímasett sölu á hlutabréfum vel. Margir muna eftir umsvifum Sigurðar Bollasonar, meðal annars í FL Group og Dagsbrún, sem var móðurfélag Vodafone og 365 miðla. Í apríl 2006 tilkynnti hann um sölu á hlut sínum í Icon ehf. sem átti þá tæp 8 prósent í FL Group. Gengið á FL á þessum tíma var um 25 (en nálægt sjö í gær). Runnur átti tæp 13 prósent í Dagsbrún. Materia Invest, sem er í



eigu félaga hans, Þorsteins M. Jónssonar, Magnúsar Ármann og Kevin Standford, keypti hlut Sigurðar. Nú slappar hann af í Skerjafirðinum en Materia Invest berst með skuldabaggann í Landsbankanum.

Vinnan hefur alltaf forgang

Ljóst er að margur makinn var pirraður um páskaheggin. Ástæðan er sú að lykilstarfsmenn í Landsbankanum og Glitni voru kallaðir heim úr fríum erlendis. Mikil lá á að klára ákveðin mál innan bankanna og fóru margar sögusagnir á flug varðandi hlut FL Group í Glitni. Þó að einhver bið verði á að hreyfing komist á þann eignarhlut voru lögræðingar innan Glitnis að störfum um páskaheggin. Sömu sögu var að segja um lögræðinga hjá Landsbankanum sem gerðu hlé á skíðaferðum með fjölskyldunni áður en brekkurnar voru sigraðar á nýjan leik.

Nýklipptur bankastjóri

Davíð Oddsson seðlabankastjóri var öryggið uppmálað þegar hann svaraði fyrir stýrivaxtahækkun bankans í gær í hádegisfréttum Stöðvar 2. Hann sagði vaxtahækkunina í gær einhverja þá mestu sem Seðlabankinn hefði farið í í einu lagi síðan núverandi skipan peningamála var tekin upp árið 2001. Menn hefðu því þurft að hafa drjúgar ástæður fyrir henni. Athugulir sjónvarpsáhorfendur tóku eftir að Davíð var nýklipptur og hafði stytt sitt hrokkna hár nokkuð mikið. Höfðu einhverjir á orði að kallinn liti vel út þrátt fyrir spennuna sem hefur ríkt á mörkuðum upp á síðkastið.



15 eru mínúturnar sem liðu frá því að viðskipti með Skipti hófust á miðvikudag þar til þau voru stöðvuð vegna yfirtökutilboðs Existu.

30 er verð á einu grammi af gulli í dollurum.

2,25% eru stýrivextir Seðlabanka Bandaríkjanna.

Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði !



Hnota

Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 35.200



Kirsuber



Hlynur


Samstæðan kr. 63.600

Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Niðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is



Við stöndum upp úr

Markaðurinn, viðskiptablaðFréttablaðsins, er með 55% meiri lestur en Viðskiptablað Morgunblaðsins miðað við 20-45 ára en 46% meiri lestur miðað við 25-49 ára.



Viðskiptafréttir...

...alla daga